HALLDÓR 12



PONDUS 20



MENNING 22

Brotakennd byltingarsýning

OPAL G+
NÓI SÍRÍUS
VEGAN

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

21. TÖLUBLAÐ | 23. ÁRGANGUR | frettabladid.is | ÞRIÐJUDAGUR 31. JANÚAR 2023

Kappklæddir vegfarendur í miðborginni ganga vaskir upp Bankastrætið í miklum byl sem skall á í um fimmleytið í gær. Lægðin sem gengur yfir landið verður að öllum líkindum gengin yfir í kvöld. Vegagerðin biður vegfarendur að kynna sér veðurspá áður en lagt er af stað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR GÍSLASON

FRÉTTIR 10

Innri kjarni jarðar breytir um stefnu

ÍÞRÓTTIR 20

Ameríkuvæðing á eyðslu Chelsea

LÍFIÐ 26

Pabbinn finnur afann

Samþykkja nær alltaf einangrun

MANNRÉTTINDI Mannréttindasamtökin Amnesty International telja að einangrunarvist í gæsluvarðhaldi sé beitt óhóflega á Íslandi. Í skýrslu þeirra er bent á að samkvæmt alþjóðalögum eigi beiting einangrunar að heyra til algjörra undantekninga, hún skuli vara í sem skemmstan tíma og ávallt vera háð ströngum skilyrðum.

Þetta segir Amnesty vera virt að vettugi hér á landi þar sem kröfur lögreglu um einangrunarvist í gæsluvarðhaldi séu nánast ávallt samþykktar af dómurum.

Samkvæmt rannsókninni samþykktu dómarar kröfur ákæruvaldsins um einangrunarvist í gæsluvarðhaldi í 99 prósentum tilvika á árunum 2016 til 2018. Rannsókn Amnesty International gefur til kynna að lítið hafi breyst frá árinu 2018. SJÁ SÍÐU 11

Ísland eftirbátur í hafvernd

Langt innan við eitt prósent af hafsvæði Íslands telst vera hafverndarsvæði, en ætti að vera minnst tíu prósent samkvæmt heimsmarkmiðum.

ser@frettabladid.is

UMHVERFISVERND Íslendingar eru víðs fjarri því að uppfylla heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um hafverndarsvæði. Þau kveða á um að þjóðir skilgreini tíu prósent af hafsvæðum sínum sem verndarsvæði. Tímamörkin voru 2020.

„Á þessu sviði náttúruverndar rekum við Íslendingar lestina með 0,07 prósent af hafsvæði Íslands sem uppfyllir einhvers konar verndarákvæði," segir Hörður Sigurbjarnarson, stofnandi hvalaskoðunarfyrirtækisins Norðursiglingar á Húsavík, en hann ritar grein um málið í blaðið í dag.

> Við gerum hundrað sinnum minna en heimsmarkmiðin kveða á um.

Hörður Sigurbjarnason, stofnandi Norðursiglingar

Megintilgangur verndarsvæða er að stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika, endurheimt vistkerfa og sjálfbærri nýtingu.

„Við erum algerir eftirbátar annarra á þessu sviði," segir Hörður. „Við gerum hundrað sinnum minna en heimsmarkmiðin kveða á um," bætir hann við.

„Þetta er enginn metnaður af hálfu stjórnvalda," segir Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar. Erindrekar Íslands í alþjóðasamvinnu vilji ekki að verndin beinist gegn fiskveiðum. „Þeir hagsmunir blinda okkur sýn," segir Auður Anna.

„Það er annarra en mín að svara fyrir það af hverju við stöndum okkur svona afleitlega í þessum málum. En það eru augljóslega ekki grænar áherslur hjá ríkjandi stjórnvöldum þessa lands," segir Hörður. SJÁ SÍÐU 13

Mátulegir
Sviðsútgáfa af kvikmyndinni Druk

borgarleikhus.is
Tryggðu þér miða

Foster sást í Eyjafirði í gær.

Foster á ferð og flugi um landið

kristinnpall@frettabladid.is

KVIKMYNDIR Stórleikkonan Jodie Foster hefur verið á ferðalagi um Norðurland á milli þess að hún er í tökum fyrir sjónvarpsrisann HBO á fjórðu seríu glæpaþáttanna True Detective.

Foster er stödd á landinu við tökur á True Detective.

Foster virtist nokkuð alþýðleg þegar hún ferðaðist um sveitir Eyjafjarðar í gær og hefur hún sést í næsta nágrenni við Akureyri.

Foster verður stödd hér á landi á næstunni við tökur á True Detective. Búið er að umbylta Dalvíkurbæ vegna þáttaraðarinnar þar sem er meðal annars búið að breyta pósthúsi bæjarins í lögreglustöð í Alaska. ■

Nýsköpun á Bessastöðum

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands voru afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í gær. Það voru þeir Axel Pálsson, Tómas Frostason og Tómas Orri Pétursson sem hlutu verðlaunin í ár fyrir verkefnið Vélræn endurhæfing í heimahúsi með sýndarveruleika. Fimm önnur verkefni fengu sérstaka viðurkenningu en verðlaunin voru nú veitt í tuttugasta og sjöunda skipti. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Telur útlendingafrumvarpið ekki ógna ríkisstjórnarsamstarfinu

ggunnars@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Hólmfríður Árnadóttir, formaður svæðisfélags Vinstri grænna á Suðurnesjum og oddviti Suðurkjördæmis, segir að þótt útlendingafrumvarpið fari óbreytt í gegn, þá ógni það ekki endilega ríkisstjórnarsamstarfinu. Hún segir að það sé erfitt að upplifa að unnið sé gegn grunngildum flokksins.

Hólmfríður sagði á Fréttavaktinni á Hringbraut í gær að ekki væri ólga innan flokksins vegna frumvarpsins. „Við álitum svo að það sé ekkert endilega ólga eða neitt slíkt, heldur einfaldlega erum við að sinna okkar hlutverki sem grasrót," sagði hún.

Við álitum svo að það sé ekkert endilega ólga eða neitt slíkt.

Hólmfríður Árnadóttir, formaður svæðisfélags VG á Suðurnesjum

„Ég trúi ekki öðru en að það sé á okkur hlustað og fólkið okkar fari fram með þeim hætti sem er í takt við okkar stefnu. Og að það sé virkilega hlustað á þessar umsagnir og hlustað á grasrótina," sagði Hólmfríður á Fréttavaktinni í gær. ■

Halastjarna og hafernir vöktu yfir vísindamönnum

Óvenjulegir atburðir við Mývatn fyrir 1.450 til 1.770 árum gætu afhjúpast með borkjarna sem vísindamenn náðu og eiga að spanna rúmlega alla sögu vatnsins frá því það myndaðist fyrir 2.300 árum.

gar@frettabladid.is

VÍSINDI „Þeir fara með næstu ferð til Kaupmannahafnar," segir Árni Einarsson, forstöðumaður Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn, um setlagakjarna sem hann ók með suður í gær til að koma í geymslu hjá Hafrannsóknastofnun.

Á sunnudag fór Árni út á ísinn á Mývatni. „Þetta hefur verið merkilegur dagur," skrifaði hann í dagslok á Facebook-síðu Náttúrurannsóknarstöðvarinnar. „Hann hófst með halastjörnu hátt á stjörnubjörtum himninum í bítið."

Þarna var um að ræða halastjörnuna ZTF E3 sem sást síðast frá jörðu fyrir 53 þúsund árum og verður næst jörðu á morgun. Árni segir hana eins og lítinn skýhnoðra á himni.

Eftir birtingu fór Árni með Bandaríkjamanninum Wesley Farnsworth, sérfræðingi í borkjörnum, og Sveinbirni Steinþórssyni hjá Raunvísindastofnun til að taka kjarna úr botnsetinu. Tveir hafernir kíktu þá á vísindamennina.

Árni segir þarna hafa verið á ferð erni sem hafi verið viðloðandi á svæðinu síðustu ár en séu ekki alltaf í sjónfæri. „Þeir sveimuðu yfir okkur og flugu býsna nálægt," segir hann um þessa skemmtilegu heimsókn.

Kvað Árni hópinn hafa náð kjarna sem spanni alla 2.300 ára sögu Mývatns og lengra aftur í tímann niður í setlög sem mynduðust í stöðuvatni sem var þar á staðnum áður en Mývatn myndaðist. Í Kaupmannahöfn verði greind úr þeim erfðaefni. Þau þurfi síðan að sundurgreina sem taki langan tíma enda um mörg þúsund lífverur að ræða. Mögulega megi sjá hvaða lífverur hafa verið á og í vatninu alveg frá upphafi.

Wesley Farnsworth og Sveinbjörn Steinþórsson á ísnum. MYND/ÁRNI EINARSSON

Þeir sveimuðu yfir okkur og flugu býsna nálægt.

Árni Einarsson, forstöðumaður Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn

Þá er ætlunin að efnagreina set frá tímabilinu 150–550 eftir Krist. „Þá hefur verið eitthvert mjög óvenjulegt ástand. Lífríkið hefur verið mjög stöðugt allan tímann en þetta tímabil sker sig alveg úr og lífríkið farið alveg út af sporinu," segir Árni. Lífríkið hafi haft annan karakter þennan tíma. „Kenningin er sú að þá hafi verið súrefnisskortur yfir sumarið." ■

© Inter IKEA Systems B.V. 2023

ÚTSÖLUNNI

lýkur á sunnudaginn

Verslun opin 11-20 alla daga – IKEA.is

Búist er við góðum vexti á komandi árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Viðhald er versti óvinur bílaleiga

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Í greiningu Global Data á íslenska bílaleigumarkaðinum er gert ráð fyrir 7,5 prósenta árlegum meðalvexti til ársins 2025. Helsta ástæðan er fjölgun erlendra ferðamanna og aukið aðgengi að ýmsum tegundum bíla til leigu.

Kemur þar fram að 60 prósent erlendra ferðamanna sem koma til Íslands vilji kynnast landinu með því að keyra um það sjálf. Ekki er gert ráð fyrir að þetta hlutfall minnki á komandi árum nema síður sé.

Helsta áskorunin sem bílaleigur á Íslandi standa frammi fyrir er hins vegar hár viðhaldskostnaður. Hann er einkum tilkominn vegna erfiðra veðurskilyrða og færðar. Önnur vandamál sem greinin stendur frammi fyrir eru dýrar tryggingar og fæð bílastæða á vinsælum ferðamannastöðum. Væntanleg samkeppni frá fyrirtækjum á borð við Uber og Lyft geti einnig reynst áskorun. ■

Finnst ámælisvert hvað tekur langan tíma að svara

benediktboas@frettabladid.is

RYKJAVÍK Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í innkaupa- og framkvæmdaráði Reykjavíkurborgar lýstu yfir furðu sinni á hversu langan tíma það tæki að svara fyrirspurnum á síðasta fundi ráðsins.

Sjálfstæðisflokkurinn lagði fram tvær fyrirspurnir í júní í fyrra og bíður enn svara. „Þetta ámælisverða verklag segir sína sögu um stjórnun ráðsins en greinilegt er að formaður þess lætur sér slíka upplýsingatregðu í léttu rúmi liggja," segir í bókun flokksins en Sabine Leskopf, fulltrúi Samfylkingar, er formaður ráðsins. ■

Lægðin að mestu gengin yfir með kvöldinu

arnartomas@frettabladid.is

VEÐUR Lægðin sem nú gengur yfir landið gerði vart við sig í gærkvöldi þegar mikill bylur skall skyndilega á. Mesti vindur mældist 48,5 metrar á sekúndu á Hellisheiðinni í gær og 43,2 í Kerlingarfjöllum. Veðurfræðingur býst við að veðrinu muni slota með kvöldinu.

„Framan af verður þetta verst á Vesturlandi, Breiðafirði og Vestfjörðum," segir Eiríkur Örn Jóhannesson veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands. „Suðausturland fær svo hvell undir hádegið en síðan fer þessu jafnt og þétt að lægja."

> 48,5 metrar á sekúndu mældust á Hellisheiðinni í gær.

Næsti hvellur er væntanlegur á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eiríkur segir að undir kvöld verði veðrið víðast hvar orðið skaplegt en ennþá verði smá strengur á Vestfjörðum og með suðausturströndinni. Búist er við að veðrið verði þá með rólegra móti fram á fimmtudag þegar næsti hvellur er væntanlegur.

„Næsta lægð er að koma þá en eins og þetta lítur út núna ætti hún ekki að vera jafnslæm," segir Eiríkur Örn. ■

Æfingar vegna skemmtiferðaskipa

Áhyggjuraddir heyrast vegna sístækkandi skemmtiferðaskipa sem tekur langan tíma að tæma í björgun. Landhelgisgæslan beinir augum sínum að þessari vá.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Minnstu munaði að stórslys yrði þegar Viking Sky rak að ströndinni við Hustadvika árið 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

ÖRYGGISMÁL Í vor taka Landhelgisgæslan og aðrir viðbragðsaðilar þátt í tveimur æfingum vegna slysa skemmtiferðaskipa. Annars vegar er það æfing í Faxaflóa, sem er sú höfn sem tekur við flestum skemmtiferðaskipum. Hins vegar er það æfing á Seyðisfirði vegna ferjunnar Norrænu.

„Augu viðbragðsaðila á Íslandi hafa beinst að þessu og það hefur orðið vakning um að fólk þarf að kynna sér þetta betur," segir Ásgrímur Lárus Ásgrímsson, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar. Búist er við mikilli fjölgun skemmtiferðaskipa á þessu ári. Skráður farþegafjöldi sex stærstu hafnanna er 812 þúsund í ár samanborið við 448 þúsund árið 2022.

Gagnrýnisraddir hafa heyrst varðandi öryggi skemmtiferðaskipa, sem fara sífellt stækkandi. Í dag taka þau stærstu 7 þúsund farþega, rúmlega þrefaldan fjölda Titanic. Því hefur verið haldið fram að aldrei geti verið öruggt að sigla með svo mikinn fjölda, sökum þess tíma sem taki að koma öllum frá borði. 20 skemmtiferðaskip hafa sokkið á hálfri öld. Þá sé þjónustufólkið oft ekki vant sæferðafólk og ekki sé hægt að nota björgunarbáta við allar kringumstæður.

Björgunarbáta var til dæmis ekki hægt að nota þegar skipið Viking Sky bilaði við Hustadvika, vestan við Þrándheim í Noregi, árið 2019. Afar litlu munaði að skipið strandaði í miklum stormi með nærri 1.400 manns innanborðs. Sex þyrlur ferjuðu fólk í burtu en eftir sólarhring, þegar loksins tókst að stýra skipinu frá skerjagarðinum, voru enn þá 1.000 manns um borð.

> Við getum ekki stýrt fjöldanum. Á heimshöfunum er frjáls sigling.

Ásgrímur Lárus Ásgrímsson, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar

Ásgrímur segir að það yrði mikil áskorun fyrir Íslendinga að takast á við svona verkefni. „Það var áskorun fyrir Norðmennina og það yrði það fyrir allar þjóðir," segir hann.

Landhelgisgæslan á þrjár þyrlur og stefnt er að því að hafa ávallt tvær tiltækar á meðan ein er í lengra viðhaldi. Næstu björgunarþyrlur eru í Skotlandi, Noregi, Grænlandi og Færeyjum en það tekur tíma að fljúga þeim hingað, taka eldsneyti og fleira þannig að það tæki um sólarhring þar til þær gætu sinnt björgun hér. Danir gætu sent hingað skip frá Færeyjum og Grænlandi en það tekur allt að tveimur sólarhringum.

Í Noregi hefur orðið vakning um þetta og aukning hefur verið í smærri skemmtiferðaskipum, sem taka aðeins 300 til 400 farþega. Spurður um þetta segir Ásgrímur að það sé vissulega viðráðanlegri stærð þegar kemur að fjöldabjörgun. Síðasta æfing sem Landhelgisgæslan tók þátt í, síðastliðið haust, snerist einmitt um fjöldabjörgun í litlu skemmtiferðaskipi við Svalbarða.

„Við getum ekki stýrt fjöldanum. Á heimshöfunum er frjáls sigling. Meira að segja innan landhelginnar er frjáls saklaus för," segir hann. „Það er áhætta í öllu. Það er áhætta að fljúga. Það er áhætta að vera í rútu. Það getur ýmislegt komið upp á í skipi." Auk þess að verða vélarvana getur komið upp eldur í skipi, sýking, kælikerfið getur bilað eða hitakerfið, svo dæmi séu tekin.

Þrátt fyrir mikla fjölgun skemmtiferðaskipa sér Ásgrímur ekki fram á fjölgun í mannskap eða búnaði hjá Landhelgisgæslunni. Hún muni gera það besta með það sem hún hefur. Aðspurður hvað skorti helst segir Ásgrímur að sennilega myndu forystumenn allrar strandgæslu svara á sömu leið. „Fleiri skip, fleiri þyrlur og meiri mannskap. Og menn myndu brosa með." ■

Japanir vilja meira hvalkjöt frá Íslandi í sjálfsalana

kristinnhaukur@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR Japanska hvalveiðifyrirtækið Kyodo Senpaku hefur óskað eftir meira hvalkjöti frá Íslandi til að selja í nýjum sjálfsafgreiðsluverslunum. Einnig að japanska ríkisstjórnin auki hvalveiðikvótann.

Eins og Fréttablaðið greindi frá um miðjan mánuðinn verður íslenskt hvalkjöt selt í fjórum sjálfsafgreiðsluverslunum í Tókýó, Osaka og Yokohama. Tæplega 3 þúsund tonn af íslensku langreyðarkjöti voru send til Japan fyrir jól, bæði afli sumarsins og eldra kjöt. Þar er kjötið unnið í ýmsar vörur, svo sem hvalabeikon og onomi, það er kjöt af sporðinum sem þykir fínt.

Nú segir Konomu Kubo, talsmaður Kyodo Senpaku, við fréttastofuna AP að fyrirtækið hyggist opna 100 sjálfsafgreiðsluverslanir. Einnig að óskað hafi verið eftir meira kjöti því 5.000 tonna hvalveiðikvóti japanskra stjórnvalda dugi ekki til að halda greininni uppi. Hafa ber þó í huga að Japanir nýttu aðeins 80 prósent af kvótanum á síðasta ári. Aðallega er veitt norðan við eyjaklasann.

Stórmarkaðir vilja ekki selja hvalkjöt þannig að opnaðar voru sjálfsafgreiðslubúðir. MYND/AÐSEND

Þá hyggst Kyodo Senpaku láta smíða nýtt hvalveiðiskip til að leysa hið aldna skip Nisshin Maru af hólmi. Mun það kosta 6 milljarða jena, sem samsvarar um 6,5 milljörðum íslenskra króna.

Ástæðan fyrir því að hvalkjötið er selt í sjálfsölum er sú að flestir stórmarkaðir vilja ekki selja kjötið. Þeir markaðir og veitingastaðir sem hafa selt hvalkjöt hafa lent í vandræðum, einkum vegna mótmæla andstæðinga hvalveiða. ■

ALVÖRU ÚTSALA

33% AF

Lavor Galaxy 150 háþrýstidæla
Mótor: 2100W
Þrýstingur Max:150 bör
Vatnsflæði Max: 450l/klst.
19.994
Áður ~~29.990~~ kr.

15% AF

SDS Höggborvél
PRDS20-20V
Tekur allt að 26mm breiða bora
RAFHLAÐA FYLGIR
22.462
Áður kr. ~~26.425 kr.~~

MIKIÐ ÚRVAL AF PARKETI OG FLÍSUM MEÐ 20-50% AFSLÆTTI

Flísar
Verð frá 1.495 kr./m²

Harðparket
Verð frá 1.440 kr/m²

Rafmagnshitablásari 3Kw 1 fasa
7.476 Áður ~~8.795~~ kr.

35% AF

LuTool stein/við/járn sög 600W
10.780
Áður ~~16.585~~ kr.

15% AF

SÍÐUSTU DAGAR!

20% AF

Snjóskófla Profi Ergo
4.636
Áður ~~5.795~~ kr.

20% AF

LED construction spotlight PWLS 10-150
11.996
Áður ~~14.995~~ kr.

20% AF

20% AF

LED kastari
20W 1800LM
5400K á fæti
9.028
Áður kr. ~~11.285~~

Guoren sturtutæki m. niðurstút
13.596
Áður kr. ~~16.995~~

Black+decker ryk/blautsuga
Mótor: 1200W
Sogkraftur: 17 kPa
Stærð tanks: 15L
11.666
Áður ~~16.665~~ kr.

20% AF



Guoren sturtusett svart
20.796
Áður kr. ~~25.995~~

20% AF

CERAVID

3-6 lítra hnappur

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur og hæglokandi seta.
Þýsk gæðavara
47.996
Áður kr. ~~59.995~~

Skál: **Rimless „Scandinavia design"**

20% AF

Vatnsþétt LED útiljós / bílskúrsljós IP65 48W 120cm
5.596 Áður ~~6.995~~ kr.

Sturtuniðurföll
Verð frá: **9.093**
(Vatnslás fylgir með)
Sturtuniðurfallshlífar
Verð frá: **1.166**

35% AF

25% AF

Ceravid handlaug 45 cm m/öllu
17.546
Áður kr. ~~23.395~~

Gírafi slípivél 230mm 710W M14
23.998
Áður ~~29.985~~ kr.

20% AF

20% AF

Hrærivél Drive-HM-140 1600W. 40-80 ltr. M14
19.996
Áður kr. ~~24.995~~

20% AF

Heimilistrappa 5 þrep
7.996
Áður kr.~~9.995~~

20% AF

Trotec olíufylltur rafmagnsofn, 11 þilja, 2500W
15.196
Áður ~~18.995~~ kr.

SENDUM UM LAND ALLT!
www.murbudin.is

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

Með fyrirvara um prentvillur

Kennileiti Skagafjarðar verði hestur enda eigi hann þar rætur

kristinnhaukur@frettabladid.is

NORÐURLAND Í sveitarstjórn Skagafjarðar er nú unnið að því að gera hestinn að nýju kennileiti sveitarfélagsins.

Málið var tekið fyrir á fundi atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar á fimmtudag og starfsfólki falið að vinna hugmyndina áfram.

„Okkur fannst vanta augljóst og opinbert kennileiti fyrir Skagafjörð.

Afhjúpun Faxa á Faxatorgi árið 1971. MYND/HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA

Þannig að við komum fram með þessa hugmynd og settum vinnu í gang," segir Ragnar Helgason, formaður nefndarinnar. „Þetta er enn þá á frumstigi og ekkert verið samþykkt enn þá þótt vel hafi verið tekið í hugmyndina."

Stutt er síðan sveitarfélagið Skagafjörður sameinaðist Akrahreppi en Ragnar segir ekki ætlunina að búa til nýtt merki sameinaðs sveitarfélags.

Fyrirmyndin sé frekar verkefni

> Okkur finnst íslenski hesturinn eiga sínar rætur hér í Skagafirði.
>
> Ragnar Helgason, formaður atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar Skagafjarðar

eins og Hjartað á Akureyri. En þar í bæ er hjartað sýnilegt til dæmis með styttu í miðbænum og á umferðarljósum.

Skagafjörður á nú þegar styttu af hesti í sínum miðbæ, Faxa á Faxatorgi eftir myndhöggvarann Ragnar Kjartansson, sem afhjúpuð var árið 1971 í tilefni af hátíð vegna 100 ára byggðar á Sauðárkróki.

„Okkur finnst íslenski hesturinn eiga sínar rætur hér í Skagafirði," segir Ragnar. ■

Aldraðir stunda minna nám en áður

kristinnhaukur@frettabladid.is

MENNTUN Færra fólk á miðjum aldri og eldri borgarar á Íslandi sækja nú nám en áður. Þetta er öfug þróun miðað við Evrópu en hlutfallið er þó með því hæsta hér á landi.

13,7 prósent Íslendinga á aldrinum 50 til 74 ára stundar endurmenntun, símenntun, námskeið eða einhvers konar menntun. Á árunum 2005 til 2016 fór hlutfallið aldrei undir 15 prósent og var 17,9 prósent árið 2012.

Eftir 2016 hefur hlutfallið aldrei náð 15 prósentum og var lægst árið 2020, aðeins 10,8 prósent, sem skýrist líklega af faraldrinum.

> 13,7 prósent Íslendinga á aldrinum 50 til 74 ára stunda nám.

Hlutfallið í Evrópu er nú 5,2 prósent og hefur verið að smokrast upp á undanförnum áratugum. Langhæst menntunarhlutfall eldra fólks er í Svíþjóð, 21,6 prósent. Finnar, Hollendingar og Danir eru einnig fyrir ofan Íslendinga á lista. Lægst er hlutfallið í Búlgaríu, aðeins 0,3 prósent. ■

Myglaður Hlíðaleikskóli í yfirhalningu

benediktboas@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Þrátt fyrir að húsnæðið fyrir leikskólann Stóru-Hlíð henti ekki fyrir leikskólastarfsemi og sé myglað ætlar Reykjavíkurborg að hefja þar viðgerðir og hefja leikskólastarf að nýju, nema ef önnur betri lausn finnst síðar.

Þetta segir í svari Ólafs Brynjars Bjarkasonar, skrifstofustjóra fagskrifstofu leikskólamála, við fyrirspurn frá Íbúaráði Miðborgar og Hlíða.

> Stóru-Hlíð var lokað að hluta í október.

„Ljóst er að húsið sem áður var íbúðarhús hentar ekki vel fyrir leikskólastarfsemi. Ásamt viðgerðum og viðhaldi verða gerðar breytingar innanhúss til að bæta aðstöðu og færa húsið í nútímalegra horf," segir í svari Ólafs. ■

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Bókasafnasjóður

Umsóknarfrestur er til **15. mars 2023**

Sjóðurinn styrkir skilgreindar rannsóknir og þróunar- og samstarfsverkefni á sviði bókasafna og upplýsingamála. Sjóðnum er heimilt að styrkja önnur verkefni til að efla faglegt samstarf bókasafna innanlands og utan.

Fyrir hverja:
Öll bókasöfn sem falla undir bókasafnalög geta sótt um styrk, ein eða í samstarfi með öðrum bókasöfnum og/eða aðilum sem hafa það að markmiði að efla bókasöfn í landinu.

Umsóknarfrestur er til 15. mars kl. 15.00.
Umsóknum skal skilað rafrænt, umsóknargögn eru að finna á rannis.is.

Rannís, Borgartúni 30,
sími 515 5838,
bokasafnasjodur@rannis.is.

rannís
www.rannis.is

Egill segir það hafa nánast komið sér óþægilega á óvart hversu langt tæknin væri komin. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Gervigreind geti brátt ritað skáldsögur segir útgefandi

Þróun í getu gervigreindar til að lesa og skrifa texta hefur fleygt fram síðustu misserin. Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins, sat ráðstefnu um þróun í stafrænni útgáfu í Bandaríkjunum og segir tæknina langt komna.

ragnarjon@frettabladid.is

MENNING „Það sem kom mér nánast óþægilega á óvart er að sjá hversu langt þetta er komið. Hversu stutt er í að forritin geti, í það minnsta á enskri tungu, skrifað heilu bækurnar og lesið þær upp," segir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins, sem tók þátt í ráðstefnu um stafræna útgáfu í Bandaríkjunum í síðustu viku þar sem nýjasta þróun í gervigreind var kynnt.

Þar bar hæst spjallmennið ChatGPT sem þróað var af OpenAI. Það semur svör við spurningum notenda og hefur náð gríðarlegum framförum. Gervigreind getur nú samið skapandi texta og jafnvel líkt eftir stílbrögðum höfunda.

„Ég hef fylgst með þróun mála hjá forritinu ChatGPT en mér hefur alltaf fundist eins og þessi forrit ættu nokkuð langt í land," segir Egill en hann hafi fengið að sjá dæmi um magnaða getu ChatGPT á ráðstefnunni.

> Ég held að með öflugri algóritma með meira efni í sarpinum sé þess ekkert langt að bíða að við verðum komin á þennan stað með íslenskan algóritma líka.

Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins

„Við fengum bæði að sjá og heyra dæmi um texta og lestur og mér var mjög brugðið. Þess er ekki langt að bíða að stór hluti útgáfu verði framleiddur eða skrifaður af algóritmum. Á þann hátt að það verði að minnsta kosti fyrir leikmenn ómögulegt að sjá mun," segir Egill.

„Þarna voru einnig fulltrúar frá fyrirtæki sem safnar röddum. En þá kaupir það raddir, helst látinna leikara, og notar þær til upplestrar. Fyrirtækin fá svo einkaleyfi á notkun þessara radda í hljóðbókalestri," segir Egill og tekur dæmi um notkun slíkra vélmenna.

„Þú gætir til dæmis viljað fá þekktan bandarískan kúrekaleikara eins og John Wayne til að lesa kúrekabækurnar þínar. Þá bara lætur þú hann gera það," segir Egill en með þessu geti gervigreindin framleitt bækur frá byrjun til enda eftir ákveðnum formerkjum.

„Mun ekki lesandinn einfaldlega biðja algóritmann um að skrifa fyrir sig bók, með svona og svona fléttu sem er ákveðið löng og lesin upp af þessum leikara?" spyr Egill og tekur dæmi: „Skrifaðu fyrir mig bók eins og Flugdrekahlauparinn, hafðu hana um tvö hundruð blaðsíður og láttu svo þennan leikara lesa hana fyrir mig."

Egill segir forritið vissulega takmarkað við ensku eins og stendur en forritið geti þó svarað á bjagaðri íslensku. „En ég held að með öflugri algóritma með meira efni í sarpinum sé þess ekkert langt að bíða að við verðum komin á þennan stað með íslenskan algóritma líka." ■

HVERNIG LÍÐUR ÞÉR Í MELTINGUNNI?

Bio-Kult Advanced inniheldur 14 tegundir sérvaldra frostþurrkaðra gerlastofna

Sérhönnuð góðgerlablanda sem hefur það að markmiði að byggja upp öfluga þarmaflóru og styðja við eðlilega virkni ónæmiskerfisins. Bio Kult Advanced er jafnframt ein af fáum góðgerlablöndum sem innihalda jafn marga gerlastofna.

Bio-Kult góðgerlar henta vel samhliða sýklalyfjum en mælt er með að Bio-Kult sé tekið 1-2 klst. eftir inntöku sýklalyfjanna fyrir bestan árangur.

Bio-Kult®
Advanced

Heilsársferðaþjónusta opnuð á miðju hálendi

Pláss verður fyrir 100 gesti í nýrri og endurbættri ferðaþjónustu í Kerlingarfjöllum, en framkvæmdastjóri á svæðinu segir að þar komi til sögunnar alveg ný og áður óþekkt vara í geiranum.

ser@frettabladid.is

Ferðaþjónustan í Kerlingarfjöllum tekur stakkaskiptum á árinu. Í fyrsta sinn er verið að bjóða upp á vandaða heilsársþjónustu inni á miðju hálendinu. MYND/AÐSEND

FERÐAÞJÓNUSTA Gagngerar endurbætur standa nú yfir á öllum mannvirkjum í Ásgarði í Kerlingarfjöllum og er stefnt að því að opna svæðið fyrir ferðamönnum á ný á vormánuðum.

„Við erum búin að vera að undirbúa nýja starfsemi í á þriðja ár," segir Magnús Orri Schram, framkvæmdastjóri Kerlingarfjalla, og lýsir umskiptum í ferðaþjónustunni á svæðinu.

„Við erum að taka allt svæðið í gegn," segir hann. „Meðal annars erum við að byggja nýtt og rúmgott veitingahús á grunni þess gamla sem verður glæsilegt í alla staði – og bæta við vönduðum hótelrýmum í nýrri álmu, ásamt því að bæta allan húsakost sem fyrir er, svo sem gömlu A-húsin sem hafa verið einkennandi fyrir svæðið," heldur hann áfram og bætir því við að heitar laugar muni standa gestum Kerlingarfjalla til boða á haustmánuðum, en þær verða staðsettar inn af veitingaskálanum.

„Þessi böð verða sérstök að því leyti að þau standa í bratta," segir Magnús Orri, en nú sé verið að vinna að því að afla þeim nægilegs vatns.

Þá verða tjaldsvæðin bætt að miklum mun, upplýsingaskiltum fjölgað, gönguleiðir merktar og nýjar stikaðar, „og í vor kemur út ný bók um allar gömlu gönguleiðirnar á svæðinu," segir Magnús Orri og bendir á að allt verkið sé unnið í góðu samstarfi við Umhverfisstofnun.

„Aðalatriðið er þetta: Allir geta komið í Kerlingarfjöll, tjaldað þar, gist í skála eða í góðum herbergjum," segir Magnús Orri, en pláss verður fyrir hundrað manns í gistingu á staðnum, fyrir utan tjaldstæðin.

Hann segir ferðaþjónustuna innanlands hafa kallað eftir svona þjónustu um árabil. „Tíðindin í þessu eru þau að hér er komin til sögunnar alveg ný og áður óþekkt vara í íslenskri ferðaþjónustu. Í fyrsta sinn er verið að bjóða upp á vandaða heilsársþjónustu inni á miðju hálendi. Nýja aðstaðan gerir það að verkum að fólk getur búið við góðar aðstæður og einstaka upplifun í 700 metra hæð á einum óviðjafnanlegasta stað íslenskrar náttúru," segir Magnús Orri Schram. ■

700

metrum yfir sjávarmáli verður nýja aðstaðan.

Kerlingarfjöllin nýlega friðlýst

Kerlingarfjöll eru mikill fjallabálkur á miðhálendi Íslands, rétt sunnan Hofsjökuls. Svæðið allt var friðlýst sem landslagsverndarsvæði 2020.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda merkilegar jarðminjar svæðisins, landslag, óbyggðir og ásýnd þess. Friðlýsingunni er einnig ætlað að efla Kerlingarfjöll sem útivistarsvæði, en fjöllin hafa í áratugi verið vinsæll áfangastaður göngu- og skíðafólks.

Verndarsvæðið nær utan um Kerlingarfjöll í heild sinni ásamt nærliggjandi óbyggðum suðvestur af Hofsjökli – alls 344 ferkílómetrar.

HEIMILD: UMHVERFISSTOFNUN

> Aðalatriðið er þetta: Allir geta komið í Kerlingarfjöll, tjaldað þar, gist í skála eða í góðum herbergjum.

Magnús Orri Schram, framkvæmdastjóri Kerlingarfjalla

Skipulagsráð vill fórna púttvelli eldri borgara

kristinnpall@frettabladid.is

ÍSAFJÖRÐUR Skipulags- og mannvirkjanefnd lagði til að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar myndi samþykkja valkost sem felur í sér að byggt verði á svæði púttsvæðis eldri borgara, vegna stækkunar á hjúkrunarheimilinu Eyri. Lögð er áhersla á að púttvöllurinn verði að hluta til nýtanlegur á meðan framkvæmdunum stendur og uppbyggingu nýs vallar verði lokið samhliða framkvæmdum við nýja álmu. Málið verður tekið fyrir í bæjarstjórn á næstu dögum.

Alls voru tveir valkostir lóða vegna stækkunar hjúkrunarheimilisins kynntir fyrir nefndinni og var samhugur um að mæla með valkostinum sem fæli í sér að byggt yrði á svæði púttvallarins. Það þyki hagkvæmara með tilliti til stofn- og rekstrarkostnaðar þar sem það munaði rúmlega þrjátíu milljónum í áætluðum kostnaði en komi niður á hluta púttvallarins ásamt því að það þarf að færa listaverkið „Úr álögum" eftir Einar Jónsson sem hefur staðið þar í rúma tvo áratugi á nýjan stað.

„Þetta eru vonbrigði. Við þekkjum alveg vinnubrögð í svona framkvæmdum. Því er lofað að púttvöllurinn eigi að vera jafn góður en það tekur sinn tíma. Það er sérstakt efni og gras í púttvöllum sem þessum því þetta er ekki bara gras úti í

Eldri borgarar á Ísafirði eru allt annað en sáttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

bæ," segir Sigrún C. Halldórsdóttir, formaður Félags eldri borgara á Ísafirði, spurð um tíðindin.

Félagið sendi beiðni fyrr í vetur um að farið yrði eftir upprunalegu teikningunum um stækkun Eyrar sem myndi hlífa púttvellinum. „Við erum hrædd um að þetta gæti tekið langan tíma og erum ekki ánægð. Við lögðum mikinn pening í þennan púttvöll á sínum tíma og teljum okkur því eiga hlut að máli. Við ræddum það á síðasta stjórnarfundi að fara fram á að þetta verði selt og fá peningana til baka því það er verið að valta yfir okkur." ■

Telur kæru Eflingar óvenjulega

jonthor@frettabladid.is

KJARAMÁL Elín Blöndal, dósent við lagadeild Háskólans á Bifröst og sérfræðingur í vinnurétti og vinnumarkaðsmálum, segir deilur Eflingar og ríkissáttasemjara um miðlunartillögu þess síðarnefnda bæði varða lög um stéttarfélög og vinnudeilur og hefðir og venjur á vinnumarkaði.

Ef samningaumleitanir sáttasemjara bera ekki árangur er honum heimilt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu.

„Þetta varðar heimildir ríkissáttasemjara og hvernig hann beitir þeim," segir Elín, sem bendir á að í lögunum segi að sáttasemjari megi leggja fram miðlunartillögu við þessar aðstæður en þá þurfi hann að ráðgast við, eða eiga samráð við, samningsaðilana, Eflingu og Samtök atvinnulífsins.

„Málið fyrir héraðsdómi snýst meðal annars um hvort þessi skilyrði séu til staðar. Það er ekkert augljóst að svo hafi ekki verið," segir hún.

„Það eru margir sem telja að hann hafi stigið of snemma fram. Það er eitt sjónarmið en það verður ekki séð að tímasetningin sem slík fari gegn lögunum enda þótt hefðin á vinnumarkaði kunni að hafa verið önnur. Annað sjónarmið er að það hafi enginn samningsvilji verið til staðar og því hafi verið rétt hjá sáttasemjara að stíga inn. Það er erfitt að segja hvað er rétt í þessu þegar maður hefur ekki allar forsendurnar. En það er ljóst að þarna reynir

Daníel Isebarn, lögmaður Eflingar, og Sólveig Anna. FRÉTTABLAÐIÐ/DIDDI.

Elín Blöndal, dósent við lagadeild Háskólans á Bifröst

> Það verður ekki séð að tímasetningin sem slík fari gegn lögunum enda þótt hefðin á vinnumarkaði kunni að hafa verið önnur.

mjög á mörkin milli sjálfstæðis aðila vinnumarkaðarins annars vegar, og þá sérstaklega stéttarfélaganna, og íhlutunar ríkisvaldsins, líkt og ríkissáttasemjara, hins vegar," segir Elín.

Hún veit ekki til þess að áður hafi reynt á rétt ríkissáttasemjara til að fá félagatal stéttarfélags. „Það verður bara að koma í ljós," segir Elín spurð hvernig hún haldi að mál sáttasemjara gegn Eflingu, sem var tekið fyrir í héraðsdómi í gær, muni fara.

Varðandi stjórnsýslukæru Eflingar til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins vegna miðlunartillögunnar segir Elín þá kæru vera óvenjulega. Ríkissáttasemjari hafi hingað til talist sjálfstæður í störfum sínum og ekki litið svo á að ákvarðanir hans verði kærðar til ráðherra. „Það er þá nýmæli ef það verður niðurstaðan," segir Elín. ■


3 ÓSKARSTILNEFNINGAR
ÞAR Á MEÐAL
BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI
HJARTNÆM OG STÓRBROTIN MYND SEM FENGIÐ HEFUR EINRÓMA LOF GAGNRÝNENDA OG ERU ÞEIR SAMMÁLA UM AÐ BRENDAN FRASER SÝNI STÓRLEIK Í ÞESSARI MYND.
BRENDAN FRASER
THE WHALE
KVIKMYND EFTIR
DARREN ARONOFSKY
KOMIN Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS
HÁSKÓLA BÍÓ

Særður lögreglumaður haltrar eftir að hafa verið bjargað úr mosku sem eyðilagðist í sprengjuárás. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Sprengjuárás á mosku í Pakistan

helgisteinar@frettabladid.is

PAKISTAN Að minnsta kosti 47 létust og 150 eru særðir eftir sprengjuárás á mosku í borginni Peshawar í norðurhluta Pakistan. Flestir hinna látnu voru lögreglumenn en talið er að árásin hafi beinst gegn lögreglunni.

Muhammad Ijaz Khan, yfirlögreglustjóri í Peshawar, segir í samtali við fjölmiðla að þrjú til fjögur hundruð lögreglumenn hafi verið á svæðinu þegar árásin átti sér stað.

Óstaðfestar heimildir greina frá því að sprengjumaðurinn hafi sprengt sig í loft upp er hann sat í fremstu röð í moskunni við síðdegisbænir.

Forsætisráðherra Pakistan, Shehbaz Sharif, hefur fordæmt árásina harðlega í yfirlýsingu þar sem hann segir að árásarmennirnir hafi ekkert með íslam að gera. „Öll þjóðin stendur sameinuð gegn hryðjuverkastarfsemi," segir Shehbaz. ■

> Öll þjóðin stendur sameinuð gegn hryðjuverkastarfsemi.
>
> Shehbaz Sharif, forsætisráðherra Pakistan

Blautasti dagur í sögu Auckland var seinasta föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Heilt sumar af rigningu á einum degi

helgisteinar@frettabladid.is

NÝJA-SJÁLAND Nýsjálensk yfirvöld hafa varað við því að úrkoman sem leikið hefur borgina Auckland grátt eigi bara eftir að versna í vikunni. Fjórir hafa þegar látist í flóðum og hafa hundruð neyðst til að flýja heimili sín.

Stjórnvöld hafa sagt rigninguna fordæmalausa í sögu landsins og var rauð viðvörun meðal annars gefin út í gær í stærstu borg landsins.

„Við höfum mestar áhyggjur af þriðjudeginum og svæðinu norður af Auckland. Það virðast vera þau svæði sem bera mesta þungann af úrkomunni," sagði nýsjálenska veðurstofan í samtali við fréttastofuna CNN.

Blautasti dagur í sögu Auckland var seinasta föstudag þegar rúmlega 240 millimetra úrkoma féll á borgina. Það magn jafngilti heilu sumri af rigningu.

James Shaw, loftslagsráðherra Nýja-Sjálands, þakkaði viðbragðsaðilum á Twitter og skrifaði jafnhliða: „Þetta eru loftslagsbreytingar." ■

Bretar ekki smíðað færri bíla frá 1956

ser@frettabladid.is

IÐNAÐUR Bílaframleiðsla á Bretlandseyjum heldur áfram að dragast saman og hefur ekki verið minni frá því 1956.

Þetta kemur fram á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda þar sem vakin er athygli á því að tíu prósenta samdráttur hafi verið í bílaframleiðslu í landinu á síðasta ári frá árinu á undan.

Á síðasta ári voru framleiddir um 775 þúsund bílar í samanburði við 860 þúsund bíla árið 2021. ■

> Í fyrra framleiddu Bretar 775 þúsund bíla miðað við 860 þúsund bíla á árinu 2021.

Talið er að innri kjarninn skipti um snúningsstefnu á um það bil 35 ára fresti. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Breytt stefna innri kjarnans

Innri kjarni jarðar er farinn að snúast öfugt miðað við snúning jarðar samkvæmt nýrri rannsókn. Íslenskur stjörnufræðingur segir þetta mögulega hluta af sjö áratuga langri sveiflu en munu ekki koma til með að hafa nein áhrif á okkur.

helgisteinar@frettabladid.is

VÍSINDI Samkvæmt nýútgefinni rannsókn vísindamanna við Peking-háskóla í Kína er útlit fyrir að innri kjarni jarðar snúist ekki lengur í sömu átt og jörðin sjálf. Virðist sem kjarninn snúist nú öfugt við snúning jarðar.

Rannsóknin birtist í Nature Geoscience. Sögðu vísindamennirnir að þeir hefðu mælt jarðskjálftabylgjur sem hafa ferðast í gegnum jörðina við innri kjarna hennar til að mæla snúningshraða kjarnans. Þeir segja innri kjarnann hafa hægt verulega á sér fram til ársins 2009 þegar hann er talinn hafa stöðvast og svo byrjað að snúast í öfuga átt.

Ekki er ljóst hvaða afleiðingar þetta mun hafa í för með sér en talið er að innri kjarninn skipti um snúningsstefnu á um það bil 35 ára fresti. Rannsóknarhöfundar segja að breyting á stefnu innri kjarnans gæti haft áhrif á tímann sem það tekur jörðina að snúast um möndul sinn og gæti þar með haft áhrif á lengd sólarhringsins.

Sævar Helgi Bragason stjörnufræðikennari segir að þetta muni ekki koma til með að hafa nein stórfelld áhrif á okkur og að breytingar á lengd dagsins verði svo litlar að við tökum ekki eftir þeim. Breytingar á snúningshraðanum verða þar að auki mjög litlar.

„Innri kjarninn snýst enn þá um það bil einn hring á dag, bara örlítið hægar en möttullinn. Þetta er mögulega hluti af sjö áratuga langri sveiflu sem tilgátur eru uppi um að hafi áhrif á snúningshraða innri kjarnans, bæði auki hann og minnki hann, til skiptis."

Sævar bætir við að menn greini á um hvort þetta sé raunverulegt eða ekki. Þessar rannsóknir byggi sömuleiðis á túlkun skjálftagagna og séu því stundum umdeildar.

„Breytingar á hreyfingu innri kjarna gætu birst okkur sem breytingar á lengd dagsins og einhverjar sveiflur í segulsviðinu. Það er samt ekkert sem við tækjum eftir og lífinu stafar ekki nokkur hætta af því," segir Sævar.

Jörðin samanstendur af jarðskorpu, möttli og kjarna. Danski jarðskjálftafræðingurinn Inge Lehmann uppgötvaði árið 1936 að kjarna jarðar er skipt í ytri og innri hluta sem eru aðskildir. Gerir það innri kjarnanum kleift að snúast óháð snúningshraða jarðar.

Sumir vísindamenn draga hins vegar niðurstöður Lehmann í efa. Jarðeðlisfræðingurinn John Vidale segir að skilningur okkar á innri hluta jarðar sé enn mjög óskýr.

„Það er eitthvað að gerast og ég tel að við munum komast að því, en það gæti tekið áratug," segir John Vidale. ■



> Þetta er mögulega hluti af sjö áratuga langri sveiflu.

> Jörðin samanstendur af jarðskorpu, möttli og kjarna.

Sævar Helgi Bragason, stjörnufræðikennari

Mannréttindi

Óhófleg notkun einangrunarvistar á Íslandi

Amnesty International telur að einangrunarvist sé beitt óhóflega meðal gæsluvarðhaldsfanga. Lögmaður Amnesty hvetur stjórnvöld til að breyta lögum og banna þetta verklag. Fangi sem sat í einangrun í sautján daga í fyrra segir það pyntingu.

lovisa@frettabladid.is

Útisvæði einangrunarfanga á Hólmsheiði. MYND/AÐSEND

Mannréttindasamtökin Amnesty International telja að einangrunarvist í gæsluvarðhaldi sé beitt óhóflega á Íslandi. Samkvæmt nýrri skýrslu samtakanna, Waking up to nothing: Harmful and unjustified use of pre-trial solitary confinement in Iceland, voru alls 825 einstaklingar vistaðir í einangrun á meðan þeir voru í gæsluvarðhaldi á tímabilinu 2012 til 2021. Af þeim voru 99, eða tólf prósent, lengur í einangrun en fimmtán daga. Með því að beita einangrunarvist óhóflega telja samtökin að íslensk yfirvöld brjóti gegn samningi Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu með alvarlegum afleiðingum fyrir sakborninga og rétt þeirra til sanngjarnra réttarhalda.

> **Einangrunin er bara til að brjóta fólk niður.**
>
> Hrannar Fossberg, fangi á Litla-Hrauni

Í skýrslunni bendir Amnesty á að þó svo að einangrunarvist sé ekki með öllu bönnuð samkvæmt alþjóðalögum þá kveði þau á um að beiting hennar skuli heyra til algjörra undantekninga, hún skuli vara í sem skemmstan tíma og ávallt vera háð ströngum skilyrðum.

Amnesty segir að engin þessara atriða séu virt á Íslandi þar sem kröfur lögreglu um einangrunarvist í gæsluvarðhaldi séu nánast ávallt samþykktar af dómurum. Samkvæmt rannsókninni samþykktu dómarar kröfur ákæruvaldsins um einangrunarvist í gæsluvarðhaldi í 99 prósentum tilvika á árunum 2016 til 2018. Rannsókn Amnesty International gefur til kynna að lítið hafi breyst frá árinu 2018.

Bent er á að helsta réttlæting yfirvalda á beitingu einangrunarvistar í gæsluvarðhaldi sé verndun rannsóknarhagsmuna en Amnesty International lítur svo á að aldrei skuli beita einangrunarvist til þess eins að vernda rannsóknarhagsmuni lögreglu og segir það stríða gegn alþjóðlegri mannréttindalöggjöf um nauðsyn og meðalhóf.

„Önnur og vægari úrræði eru tiltæk til að gæta rannsóknarhagsmuna, eins og að aðskilja gæsluvarðhaldsfanga frá tilteknum einstaklingum og takmarka símanotkun," segir í skýrslunni.

Í skýrslu Amnesty eru dregin fram gögn um gæsluvarðhald aftur til ársins 2012. Litlar breytingar hafa átt sér stað á þeim tíma. Hlutfall þeirra sem eru í gæsluvarðhaldi og fara í einangrun er á tímabilinu aldrei lægra en 59 prósent árlega. Hæst var það 78 prósent allra sem úrskurðaðir voru í gæsluvarðhald á tímabilinu.

Ef aðeins er skoðað árið 2021 þá má sjá að af þeim 114 sem voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald voru 70 í einangrun á einhverjum tímapunkti. Að meðaltali voru þau í um viku í einangrun en lengd einangrunarinnar spannaði einn til 37 daga.

Af þeim 70 sem voru í einangrun í gæsluvarðhaldi árið 2021 voru tveir lengur en í fimmtán daga en á öllu tímabilinu sem var til skoðunar voru 99 einstaklingar í einangrun í gæsluvarðhaldi í meira en fimmtán daga.

Í skýrslunni er einnig farið ítarlega yfir áhrif einangrunarvistar en fjöldi rannsókna bendir til þess að einangrunarvist hafi alvarleg heilsufarsáhrif, bæði líkamleg og andleg. Einkenni fela meðal annars í sér svefnleysi, rugling, ofsjónir og geðrof.

Þá segir í skýrslunni að neikvæð heilsufarsáhrif geti komið í ljós eftir aðeins örfáa daga í einangrun en á fyrstu tveimur vikum einangrunarvistar eykst sjálfsvígshætta og líkur á sjálfsskaða.

Í skýrslunni er skorað á íslensk stjórnvöld að koma af stað mikilvægum umbótum og að láta af einangrunarvist meðan á gæsluvarðhaldi stendur. Lagðar eru fram tillögur til úrbóta sem beinast að hinum ýmsu stofnunum eins og dómsmálaráðuneyti, Alþingi, fangelsismálayfirvöldum, lögreglu, Lögmannafélagi Íslands og til nefnda og embætta sem sinna forvörnum. Meðal þess sem lagt er til er að lögum verði breytt og það bannað að úrskurða einstaklinga í einangrun einungis til að tryggja rannsóknarhagsmuni meðan á rannsókn stendur. Einnig er það lagt til að ef ekki verði látið af henni, uppfylli hún skilyrði ákvæða mannréttindalaga. Þá er því beint til heilbrigðis- og dómsmálaráðherra að aðgangur einstaklinga, sem vistaðir hafa verið í einangrun, að læknisþjónustu sé tryggður og að sérstaklega sé hugað að andlegri heilsu þeirra.

Þá er það einnig lagt til að aðstæður og aðbúnaður í fangelsinu að Hólmsheiði verði lagfærður og bent á sem dæmi að gluggar sem séu skyggðir verði fjarlægðir og venjulegt gler sett í gluggana og að tryggt verði að hægt sé að sjá út um útisvæðið en það er vel girt af með háum vegg og vírgirðingu.

Því er beint til dómstólasýslunnar að þróa leiðbeiningar sem skýri slæmar afleiðingar einangrunarvistar, hvað mannréttindasáttmálar segja um slíka vist og að öllum dómurum sé boðið að heimsækja einangrunaraðstöðuna á Hólmsheiði. ■

Lítið breyst frá 2008

Simon Crowther, lögmaður Amnesty International

Simon Crowther, lögmaður Amnesty International, hefur unnið að skýrslunni í um ár ásamt Alison Abrahams sem sá um helstu rannsóknarvinnu. Hann telur mikilvægt að látið verði af því að vista fólk í einangrun til að vernda rannsóknarhagsmuni og hvetur íslensk stjórnvöld til að breyta löggjöf sinni tafarlaust.

„Það hefur engin marktæk breyting átt sér stað síðustu ár og þess vegna er þessi rannsókn svo mikilvæg," segir Simon en tilefni skýrslunnar var það þegar sérstök nefnd Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum vakti athygli á því árið 2008 að hlutfall einangrunarfanga væri hátt hér miðað við annars staðar. Simon telur að ástæðan fyrir því að lítið hafi breyst síðan geti verið að um sé að ræða verklag sem sé fast í menningu lögreglu, dómstóla og ákæruvalds.

„Eftir að einhver er handtekinn þá er viðtekin venja hér að halda þeim frá öllum öðrum vegna verndunar rannsóknarhagsmuna. Það er orðið hluti af menningu réttarfarsins og það er mjög mikilvægt að þessu verði breytt sem fyrst," segir Simon og að þetta sé ekki venja erlendis. Sem dæmi sé fólk aldrei vistað í einangrun í Bretlandi og í Danmörku séu um sjö á ári í einangrun meðan á gæsluvarðhaldi stendur.

Hann segir eðlilegt að takmarkanir séu meðan á gæsluvarðhaldi stendur, eins og á því hverja fólk hittir eða talar við, en telur enga þörf á því að vista fólk í einangrun. Þá gerir hann einnig miklar athugasemdir við aðbúnað einangrunarfanga hér á Íslandi en í fangelsinu að Hólmsheiði eru gluggar skyggðir og útisvæðið þannig að ekki er hægt að sjá út.

„Samkvæmt alþjóðlegum stöðlum er það alveg skýrt að fangar eiga að geta séð út. Auðvitað þarf að gæta að öryggi en þeir ættu að geta séð út og skyggðir gluggar og garður þar sem þú getur aðeins horft upp en ekki út er langt frá því að vera samkvæmt þeim."

Segir einangrun pyntingaraðferð

Hrannar Fossberg

Hrannar Fossberg er fangi á Litla-Hrauni og var í ágúst ákærður fyrir tilraun til manndráps og vopnalagabrot fyrir að hafa skotið að tveimur einstaklingum í febrúar í fyrra. Hann situr í fangelsi eins og stendur og afplánar eftirstöðvar dóms sem hann hlaut árið 2018.

Hrannar var í einangrun í sautján daga í febrúar í fyrra í fangelsinu að Hólmsheiði á meðan lögreglan rannsakaði brot hans. Hann var að jafnaði inni í einangrun í 23 klukkustundir á dag en átti svo að fá að fara út. Vegna veðurs reyndist það þó erfitt.

„Þegar ég var í einangrun þá var ekki hægt að fara út því það var svo mikill snjór og þeir vildu ekki moka," segir Hrannar og bendir á að samkvæmt reglum hafi hann átt rétt á útiveru sem hann fékk ekki að njóta.

„Einangrunin er bara til að brjóta fólk niður. Í mínu máli nýtti ég þann rétt til að tjá mig ekki neitt og lögreglan nýtti þá sinn rétt til að hafa hana lengri og lengri, til að skemma mig," segir Hrannar sem segir það hafa verið alveg skýrt frá upphafi að hann hefði ekki ætlað að tala.

„En þetta er mannskemmandi. Ef þú ert ekki með sterkan huga fer þetta illa með fólk."

Hann segir að hann telji það ekki hafa skipt máli fyrir rannsókn málsins að hann væri í einangrun.

„Meðan á einangruninni stóð var lögreglan ekki í raun með neitt í höndunum til að halda mér í einangrun, og það í meira en hálfan mánuð. Ég var búinn að fara í fjórar eða fimm skýrslutökur og það var alltaf það sama. Ég ætlaði ekki að tjá mig og það sagði enginn neitt í þessu máli," segir Hrannar og að hann telji ólíklegt að hann hefði á nokkrum tímapunkti getað spillt rannsóknarhagsmunum og að ef hann hefði ætlað sér það hefði hann allt eins getað gert það þegar einangruninni lauk.

„Einangrun er bara pyntingaraðferð og það er alveg búið að vera vitað í mjög langan tíma. Það er ekki eins og það sé búið að binda þig við stól og kveikja í kynfærunum á þér en aftur á móti þá er þessu jafnað við það. Fólk sem er óstöðugt í hausnum og er lengi í einangrun, það er ekki sama fólkið eftir það."

Fjöldi einstaklinga í gæsluvarðhaldi og einangrun



Tvö komma tvö prósent

Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Það þurfti ekki greiningu eða sértæka námsörðugleika til að mér liði illa í grunnskóla, eins kom ég úr góðum aðstæðum og átti alltaf vini. Í raun fannst mér ekki gaman í skóla fyrr en komið var í háskóla erlendis, enda tók ég mér margra ára frí frá námi áður en ég vissi hvað ég vildi læra. Ég hafði raunar aldrei sett spurningarmerki við þetta fyrr en fullorðna ég fór að tala við fleiri um þessa staðreynd, fólk sem er jafnvel langskólagengið og góðum gáfum gætt, en þjáðist hreinlega í barnaskóla. Hataði hvern einasta dag.

Skólaforðun er tiltölulega nýtt orð yfir ekkert svo nýjan vanda. En þótt vandinn sé ekki nýr af nálinni er hann stærri en við höfum gert okkur grein fyrir.

Nú fyrir helgi fór fram ráðstefna á vegum Barna- og unglingageðdeildar þar sem ráðgjafarhópur, skipaður börnum á aldrinum tólf til sautján ára, kynnti niðurstöður könnunar á reynslu barna af skólaforðun. Þar kom fram að minnst þúsund börn forðast að mæta í skólann. Hvers vegna? Því þar líður þeim illa.

Tölurnar eru reyndar frá árinu 2019 og má leiða líkur að því að vandinn sé enn stærri eftir kórónaveirufaraldurinn og tilheyrandi samkomutakmarkanir sem bitnuðu illilega á ungu kynslóðinni og juku á einangrun vissra hópa. En ef rúmlega tvö prósent barna á skólaaldri forðast að mæta í skólann er ljóst að eitthvað þarf að hugsa upp á nýtt. Skólakerfið er hannað þannig að gerð er krafa um ákveðið hegðunarmynstur, svo sem að sitja kyrr, hlusta og taka leiðbeiningum. Þetta hentar ekki öllum en engu að síður gerir samfélagsgerð okkar ráð fyrir að allir passi í mótið og jaðarsetur þannig hóp, sem í sögulegu samhengi stóð jafnfætis öllum öðrum.

Hvað sem veldur því að barn vill ekki mæta í skóla, kvíði, þunglyndi, skynáreiti, tilfinningahegðunarvandi eða annað, þá þarf að finna betri lausnir með samvinnu á milli heilbrigðis- og menntasviðs. Bragarbót hefur orðið á framhaldsskólastigi þar sem fjölbreyttari leiðir hafa verið kynntar og iðnnámi gert hærra undir höfði.

Það gefur augaleið að hverfandi líkur eru á að óharðnaður einstaklingur sem loks losnar undan áratugar þjáningu í kerfi sem gerir ekki ráð fyrir honum, velji sér endilega að halda áfram að kveljast.

Þeir einstaklingar hætta í skóla um leið og færi gefst og takmarka þannig möguleikana á að finna hæfileikum sínum farveg – og við töpum öll. ■

> **Þeir einstaklingar hætta í skóla um leið og færi gefst og takmarka þannig möguleikana á að finna hæfileikum sínum farveg – og við töpum öll.**

Samband íslenskra sveitarfélaga
MANNVIT

Erum við tilbúin?

Samband íslenskra sveitarfélaga og Mannvit standa að fræðsluviðburði og pallborðsumræðu um áhrif loftslagsbreytinga á sveitarfélög, fyrirtæki og innviði.

Grand hótel 3.febrúar Kl. 8:30-10:00

Skráning á www.mannvit.is

HALLDÓR

FRÁ DEGI TIL DAGS

gar@frettabladid.is

Rauðvínssparnaður
Egill Örn Jóhannsson bókaútgefandi lýsir í Fréttablaðinu í dag upplifun sinni frá ráðstefnu í Bandaríkjunum þar sem rædd var þróun forrita sem geta skrifað heilu bækurnar með því að styðjast við gervigreind. Virðist styttast í að forritin leysi af hólmi alla rithöfundana sem er náttúrlega tómt vesen fyrir forleggjara að hafa hangandi á kontórnum hjá sér dagana langa með alls kyns málalengingar og pex um þrálátar ritstíflur og ótal margt fleira sem hrjáð getur mannverur sem fást við skriftir. Fyrir utan allt annað hagræði glittir í að hægt verði að spara mikið í innkaupum á rauðvíni.

Raddir að handan
Bráðum verður líka hægt að fá rödd hvers sem er, lífs eða liðins, til að lesa verkin inn á hljóðbækur. Nefnir Egill sem dæmi að hægt yrði að fá að fá kúrekabækur lesnar með rödd Johns heitins Wayne. Þótt forritin séu takmörkuð við ensku segir hann þess varla langt að bíða að þau geti samið á íslensku. Sem opnar vitaskuld spennandi óravíddir fyrir lessjúka þjóð. Þá verður til að mynda hægt að skipa forritinu að skrifa hugljúfa hryllingssögu sem væri eins og blanda af verkum Birgittu Haukdal og Yrsu Sigurðardóttur. Bókin gæti heitið Lára tekur gröf. Winston Churchill les. ■

Borgað fyrir heilsu

Oddný G. Harðardóttir
þingmaður Samfylkingarinnar, jafnaðarflokks Íslands

> **Sá kostnaður leggst þyngst á öryrkja sem flestir eru langveikir og einnig líklegri en aðrir til að búa við fátækt.**

Ríkisstjórnarflokkarnir láta óátalið að heilbrigðiskerfið hér á landi sé í raun aðeins fyrir þá sem hafa efni á að sækja sér heilbrigðisþjónustu sérfræðilækna.

Íslenskt heilbrigðiskerfi byggir á heilbrigðisþjónustu sem bæði er í opinberum rekstri og í einkarekstri. Lögin um sjúkratryggingar setja ramma um samningsgerð við einkarekna heilbrigðisþjónustu. Markmið laganna er að tryggja aðstoð til verndar heilbrigði og jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag.

Greiðsluþátttökukerfi í heilbrigðisþjónustu er samkvæmt lögum ætlað að tryggja að einstaklingar greiði ekki meira en ákveðna hámarksupphæð fyrir þjónustuna og að börn, aldraðir og öryrkjar greiði lægri upphæð en aðrir.

Hvorki markmið greiðsluþátttökukerfisins né markmið laganna um að tryggja einstaklingum aðstoð óháð efnahag hafa náðst undanfarin ár þar sem samningar við sérfræðilækna hafa verið lausir í fjögur ár. Á þeim tíma hafa veitendur heilbrigðisþjónustunnar lagt á aukagjöld sem einstaklingum er gert að greiða og telja ekki inn í greiðsluþátttökukerfið. Ekki liggur fyrir nákvæm greining á gjöldunum en í sérstöku komugjöldunum er ekki tekið tillit til ólíkrar stöðu einstaklinga, s.s. barna, öryrkja eða aldraðra.

Ekkert í lögum um sjúkratryggingar tryggir sjúklinga gagnvart slíkum kostnaði sem leiðir af sér þá óviðunandi stöðu að það eru sjúklingarnir sem bera þann kostnað sem hlýst af samningsleysi. Sá kostnaður leggst þyngst á öryrkja sem flestir eru langveikir og einnig líklegri en aðrir til að búa við fátækt.

Ég verð fyrsti flutningsmaður frumvarps sem er í smíðum og tryggir að greiðsluþátttöku sjúklinga verði haldið í lágmarki auk þess sem kveðið er á um afleiðingar þess ef samningaviðræður milli sérfræðinga í einkarekstri og ríkisins eru árangurslausar lengur en í 9 mánuði. Með því skapast aukinn þrýstingur á samningsaðila og líkur aukast á því að samningum ljúki innan settra tímamarka.

Í því óviðunandi ástandi sem nú ríkir og ríkisstjórnarflokkarnir hunsa, geta einungis þeir sem hafa ráð á að greiða umtalsverðar upphæðir utan greiðsluþátttökukerfisins nýtt sér þjónustu sérfræðilækna. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Lovísa Arnardóttir *lovisa@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út fimm daga í viku og hægt er að nálgast það ókeypis á 120 fjölförnum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum, Árborg, Ölfusi, Akranesi, Borgarnesi, Akureyri og víðar. Að auki er blaðið aðgengilegt í pdf-formi og í appi. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is.* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Merking hugtaksins hafverndarsvæði

Hörður Sigurbjarnarson frumkvöðull í ferðaþjónustu og stofnandi Norðursiglingar hf. Húsavík

Í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna stendur það fyrir Marine Protected Area, eða MPA. Megintilgangur þessara verndarsvæða er að stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika, endurheimt vistkerfa og sjálfbærri nýtingu þeirra. En hvert skilgreint hafsvæði fyrir sig skal lúta sérstökum reglum sem mótaðar eru af viðkomandi samfélagi í samvinnu sveitarstjórna og framkvæmdavaldsins. Það mun heyra undir umhverfisráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið.

Sögu hafverndarsvæða má rekja til laga sem sett voru upp úr síðustu aldamótum á vettvangi Evrópusambandsins. Svæðin eru mismunandi og hefur jafnframt verið fylgt misvel eftir. Engin þjóð í veröldinni hefur gengið lengra í að skilgreina hafsvæði sitt sem hafverndarsvæði en Skotar. Um 40% af hafsvæði Stóra Bretlands hefur verið skilgreint sem hafverndarsvæði en stærstur hluti þess er við Skotlandsstrendur.

Heimsmarkmið SÞ kváðu á um að 10% af hafsvæðum væru skilgreind sem MPA 2020. Á þessu sviði náttúruverndar rekum við Íslendingar lestina með 0,07% af hafsvæði Íslands sem uppfyllir einhvers konar verndarákvæði er falla undir skilgreiningu MPA, það er 100 sinnum minna en heimsmarkmiðið.

Hvernig hafa Skotar staðið að málum?

Það er fróðlegt að kynna sér lítillega þá þróun sem liggur að baki þessa merkilega frumkvæðis nágranna okkar í Skotlandi. Coast samtökin á eyjunni Arran, um 50 km suðvestur af Glasgow, voru stofnuð árið 1995 með það að markmiði að vernda og endurheimta vistkerfið í kringum eyjuna og í flóanum umhverfis hana. Þau töldu að neikvæð áratuga þróun væri mestmegnis því um að kenna að botnvörpuveiðar voru að nýju leyfðar umhverfis Arran og í Clyde-flóanum 1984. Í framhaldinu minnkuðu veiðar á einstaka fisktegundum um allt að 96% og voru nytjastofnar að hruni komnir árið 2000.

Coast fór fyrir fyrsta samfélagsmiðaða hafverndarverkefni Skotlands þar sem allir þeir sem hagsmuna áttu að gæta voru kallaðir að borðinu við mótun stefnu um þær reglur sem settar voru um umgengni við lífríkið í flóanum. Arran-verkefnið hefur upp frá því verið talið til fyrirmyndar á evrópska vísu þegar undirbúningur að hafverndarverkefnum er annars vegar. Stjórnarformaður Coast, Russ Cheshire, segir samtökin reiðubúin að vera Íslendingum til ráðgjafar varðandi hafverndarsvæði verði þess óskað.



50% aukning á líffræðilegum fjölbreytileika og að auki jókst fiskafli á aðliggjandi svæðum

Fyrsta og eina alfriðaða hafverndarsvæðið (svokallað No take zone) í Skotlandi var stofnað að frumkvæði Coast í Lamlashflóanum 2008. Þótt Lamlashflóinn sé ekki stór hefur verkefnið þegar sannað sig. Líffræðilegur fjölbreytileiki jókst á innan við 12 árum um 50% á hinu alfriðaða svæði sem spannar þó aðeins um 3 ferkílómetra. Svæðin sitt hvoru megin við, hafa notið ávinnings af endurheimt vistkerfisins í bættum afla og þá aðallega stærri fiska en áður.

Staða hafverndar á Stóra-Bretlandi

Breska þingið samþykkti sín fyrstu lög um hafverndarsvæði árið 2009 og skoska þingið ári síðar.

Árið 2011 voru settar reglur um það hvernig hafverndarsvæði eru valin. Það sem einkum er haft til hliðsjónar við valið er ástand tegunda og búsvæða. Gert er ráð fyrir að vísindaleg nálgun ráði jafnan för nema þegar um er að ræða svæði þar sem félagslegir og efnahagslegir hagsmunir vega jafn þungt eða þyngra en líffræðilegir en þá er litið til hvors tveggja.

Árið 2014 samþykktu skosk stjórnvöld að afmarka fjölmörg svæði sem hafverndarsvæði, þar á meðal 282 ferkílómetra hafsvæði suður af Arran. Hafverndarsvæðin teljast nú vera alls 30 í Skotlandi og náðu árið 2020 yfir alls um fjórðung af lögsögu Skotlands en 52% af stærð hafverndarsvæða í Stóra-Bretlandi töldust þá innan skoskrar lögsögu. Þar með hefur Skotland orðið í fararbroddi í Evrópu ef ekki í heiminum öllum.

Ef reynt er að bera saman sjávarnytjar við Skotland og Ísland má leiða að því líkur að kvótakerfi Íslendinga hafi leitt til skilvirkara eftirlits og veiðiráðgjafar hér en í Skotlandi. Ef við viljum hafa að leiðarljósi reynslu Skota um hafvernd er sjálfsagt að hafa vísindalega nálgun að leiðarljósi við ákvörðun og útfærslu hafverndarsvæða við Ísland sem og félagsleg og efnahagsleg áhrif. Ef vel verður að verki staðið mun ávinningur fyrir einstakar byggðir sem og landið allt verða mjög mikill.

Á síðasta Alþingi setti þáverandi umhverfisráðherra málið á dagskrá

Nú er það ekki svo svart að hafvernd, eða MPA, hafi ekki komið til tals á Alþingi við Austurvöll. Í fyrirspurn um stöðu þessara mála svaraði þáverandi umhverfisráðherra Guðmundur Ingi Guðbrandsson m.a. þessu: „ Hafsvæði innan 200 sjómílna efnahagslögsögu Íslands eru tæplega 760.000 ferkílómetrar. Ef 10% af því svæði væru yfirlýst hafverndarsvæði væri flatarmál þeirra því 76.000 ferkílómetrar. Flatarmál hafsvæða innan 12 sjómílna landhelgi Íslands mun vera tæplega 70.000 ferkílómetrar. Því myndi verndun alls hafsvæðis innan 12 mílna landhelginnar fara langt með að ná tíu prósenta markmiðinu ef efnahagslögsagan er höfð sem viðmið.“

Árið 2018 voru sett lög um skipulag haf- og strandsvæða. Meðal markmiða laganna er að „skipulag veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu auðlinda haf- og strandsvæða sem byggist á heildarsýn á málefni hafsins, vistkerfisnálgun og vernd náttúru og menningarminja, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi; enn fremur taki skipulag mið af áhrifum vegna loftslagsbreytinga“.

Á fundi sveitarstjórnar Norðurþings 01.12 2020 var samþykkt samhljóða tillaga um að óska eftir því við umhverfis-og auðlindaráðherra að á árinu 2021 verði hafin vinna við haf- og strandsvæðisskipulag fyrir Skjálfanda og það sett fram í viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 líkt og nú er fyrirhugað að verði gert við Eyjafjörð.

Veiðar í botnvörpu lúta nú þegar miklum takmörkunum

Hefjum hið innihaldslitla orð „sjálfbær þróun“ í íslenskri náttúruvernd til vegs og virðingar.

Sjávarútvegsstefna Íslands á að grundvallast á sjálfbærri þróun sbr. lagasetningu frá 2018.

Að því er séð verður er ekkert því til fyrirstöðu að skilgreina hafverndarsvæði á mörgum stöðum á landgrunninu umhverfis Ísland þar sem botnvörpuveiðum hefur þegar verið hætt.

Að viðfangsefninu verða að koma frá upphafi fulltrúar allra helstu hagsmunaaðila, s.s. sjávarútvegs, ferðaþjónustu, iðnaðar, sveitarstjórna og umhverfisverndarsamtaka. Staðreyndin er sú að hér er um framtíðarhagsmuni allra þessara aðila að ræða, því fyrr sem vinnan hefst, því betra.

Mikið skal til mikils vinna

Við höfum augljós tækifæri til að ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og þar með uppfylla skuldbindingar okkar.

Í stað þess að reka lestina í Evrópu getum við sett af stað vinnu með skýr markmið þess efnis að markaðssetning, hvort sem er á sviði ferðaþjónustu eða annarra sjávarnytja við strendur landsins uppfylli viðmið um sjálfbæra þróun. ■

> Ef við viljum hafa að leiðarljósi reynslu Skota um hafvernd er sjálfsagt að hafa vísindalega nálgun að leiðarljósi.

Pútín, árásarstríðið í Úkraínu og hik þýzka kanslarans

Ole Anton Bieltvedt
samfélagsrýnir

Senn hefur árásarstríð Rússa, eiginlega verður að segja Pútíns, staðið í eitt ár.

Eitt skelfingar- og hryllingsár fyrir úkraínsku þjóðina, eins reyndar fyrir ungmenni Rússlands, sem kvödd hafa verið, nauðug-viljug, til herþjónustu og árásarstríðs gegn bræðrum sínum og systrum, nágrönnum af sama slavneska kynstofninum, í öðru fyrrverandi sovétlýðveldi, til að hætta þar andlegu og líkamlegu atgervi sínu, lífi og limum, heill og framtíð, án þess að skilja, vel eða ekki, hvað er þar að gerast, af hverju og til hvers, enda vanti Rússland vart land.

Ekki er ástæða til að ætla, að mikill hluti rússnesku þjóðarinnar, hvað þá meirihluti, styðji þessa árás, alla vega ekki í hjarta sínu, gegn bræðra- og systraþjóð, því engin trúverðug eða gild rök eru fyrir henni, og hún hefur nú þegar krafizt dauða tugþúsunda rússneskra ungmenna og limlest enn fleiri, andlega eða líkamlega, nema hvoru tveggja sé, í blóma lífs síns, og þar með lagt líf og hamingju tugþúsunda fjölskyldna, hundraða þúsunda eða milljóna Rússa, í rúst.

Pútín sjálfur, einn og persónulega, er því ábyrgur hér. Án hans væri þetta hörmungarstríð, með skelfilegum, sárgrætilegum og mannskemmandi afleiðingum þess, ekki í gangi.

Rússneska þjóðin er ekki allt í einu orðin að illmennum, frekar en Þjóðverjar undir Hitler. Eitt ofstækisfullt, miskunnarlaust og valdagráðugt illmenni, haldið stórmennskubrjálæði, getur sefjað eða þröngvað heilli þjóð til ódæðis og illvirkja. Sá, sem á undan fór í austri, var Stalín.

Við skulum halda þessu til haga, þó að hörmungar, þjáning og písl úkraínsku þjóðarinnar og hryllingurinn, sem Pútín hefur á hana lagt, yfirgnæfi auðvitað alla þessa skelfingarmynd.

Evrópa hafði notið friðar í 75 ár. Evrópusambandið, ESB, var stofnað til að sameina Evrópu og sérstaklega til að tryggja frambúðarfrið í Evrópu. Árið 2012 fékk ESB friðarverðlaun Nóbels fyrir þessa viðleitni sína.

Samhliða hafði Atlantshafsbandalagið, NATO, verið stofnað, til að tryggja hernaðarlegar varnir Evrópu, reyndar Norður-Ameríku líka, mikið af sömu þjóðum og standa að ESB, auk Bandaríkjanna, BNA, og Kanada.

Árásarstríð Pútíns gegn Úkraínu var því mikið áfall fyrir aðildarríki ESB og NATO og varpaði dimmum skugga yfir alla Evrópu.

Þjóðverjar eru fólksflesta evrópska aðildarríki ESB og NATO, með 83 milljónir íbúa, og 4. mesta efnhags- og tækniveldi heims. Væntingar manna um styrk og

> **Þetta síðasta ár hafa Þjóðverjar þó, ásamt Bretum og Bandaríkjamönnum, stutt Úkraínu þjóða mest, hvað varðar verjur og vopn þeirra til varnar landinu.**

stuðning Þjóðverja við Úkraínumenn hafa því verið miklar.

Hér verður fyrst að líta til stöðu Þýzkalands eftir seinni heimsstyrjöld. Í raun hersátu Fjórveldin Þýzkaland 1945-1955, voru þar með 400 þúsund manna her, til að halda þjóðinni niðri og hindra hernaðarlega uppbyggingu. Smám saman breyttist þessi staða svo úr undirokun og hörðu eftirliti í samvinnu og vináttu.

Enn þann dag í dag eru BNA þó með veigamikla hernaðarviðveru í Þýzklandi í formi miðstöðvar US Army Europe, US Air Forces og US Marine Corps Forces Europe og tuga þúsunda bandarískra hermanna, auk kjarnorkuvopna.

Þessi þunga hernaðarviðvera Bandaríkjanna í Þýzkalandi leiddi til þess, að Þjóðverjar töldu sig varða og öryggi sitt tryggt, og kusu því fremur, að verja fjármunum sínum til að endurreisa landið úr rústum stríðsins og byggja upp góða innviði, öflugan iðnað og sterkan efnahag, en nýjan hernaðarmátt.

Þjóðverjar vöknuðu þó af værum blundi, þegar Trump komst til valda í Bandaríkjunum og hótaði ekki aðeins að leggja niður herstöðvarnar í Þýzkalandi, heldur gaf hann líka í skyn, að sér kynni að hugnast, að ganga úr NATO og láta Evrópubúa sjálfa um varnir sínar og öryggi.

Endanlega hrukku svo Þjóðverjar upp með andfælum 24. febrúar í fyrra, við innrás Pútíns í Úkraínu. Þeir höfðu lengi haldið að tryggja mætti frið og vinsamleg tengsl við Rússland með mest mögulegum samskiptum og viðskiptum, gagnkvæmum hagsmunum, sem reyndist bábilja.

Staða þýzka hersins var því ekki upp á marga fiska, þegar Pútín reiddi til höggs í Úkraínu. Þetta var fyrsta vandamál Þjóðverja, hvað varðar hernaðarstuðning við Úkraínu. Þetta síðasta ár hafa Þjóðverjar þó, ásamt Bretum og Bandaríkjamönnum, stutt Úkraínu þjóða mest, hvað varðar verjur og vopn þeirra til varnar landinu.

Annað vandamál, og hér kem ég að hiki kanslara Þýzkalands, Olafs Scholz, var það, að hann vildi í lengstu lög forðast, að Þýzkaland drægist inn í nýtt stríð. Hryllingur þess síðasta situr enn fast í mönnum þar.

Þjóðverjar og aðrar vestrænar þjóðir höfðu stutt Úkraínu dyggilega með varnarvopnum. Með árásar- og sóknarvopnum, árásarskriðdrekum, hér Leopard 2, taldi Scholz og flestir evrópskir ráðamenn, líka Biden, að stuðningur kynni að breytast í þátttöku. Þar væri hárfínt bil á milli.

Scholz sagðist ógjarnan vilja stuðla að því, að þýzkir skriðdrekar mættu aftur rússneskum skriðdrekum á vígvellinum, þó undir stjórn Úkraínumanna væru, og, að þýzkir skriðdrekar myndu tortíma rússneskum mannslífum og vígvélum að nýju. Alla vega ekki upp á þýzkt eindæmi.

Hann sagði þó, að, ef Bandaríkin og aðrir samherjar myndu líka senda sína árásarskriðdreka til Úkraínu, þetta yrði samstillt og sameiginlegt átak ESB-/NATO-þjóða, þá myndi ekki standa á Þjóðverjum.

Það gerðist svo á dögunum, í löngu símtali Scholz og Biden, að þeir ákváðu að taka þetta skref, þó áhætta um stigmögnun og þátttöku fylgdi því, en án þess gæti Pútín, ofbeldið og lögleysið sigrað.

Þrátt fyrir gífurlega samúð og stuðning manna við Úkraínu, verður að telja, að hér hafi yfirvegun og skynsemi ráðið för. ■

Útlendingalöggjöf, færum okkur nær nágrannaþjóðunum

Diljá Mist Einarsdóttir
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Í umræðum á Alþingi um breytingar á útlendingalögum hefur m.a. verið tekist á um samræmi við norræna og aðra evrópska löggjöf. Skiptar skoðanir virðast vera um hvort breytingarnar feli í sér að við séum að færast nær lagaumgjörð og framkvæmd þeirra landa sem við berum okkur gjarnan saman við.

Íslensk lög og lagaumhverfi varðandi útlendinga hafa sannarlega ekki verið samin í tómarúmi. Eins og svo mörg önnur íslensk lög eru þau byggð á norrænni löggjöf og undir evrópskum áhrifum, m.a. vegna aðildar okkar að EES-samningnum og að Schengen-samstarfinu. Síðustu heildarlög um útlendinga, frá 2002, voru þannig samin með hliðsjón af norrænni löggjöf og „að verulegu leyti stuðst við norsku útlendingalögin“, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laganna. Sömu sögu er að segja um núgildandi lög frá 2017. Í greinargerð með frumvarpi til núgildandi laga, voru norskir sérfræðingar í útlendingalöggjöf til ráðgjafar við smíði frumvarpsins og reynt var að taka tillit til þess sem hafði reynst Norðmönnum vel og til hins sem leitt hafði til vandræða. Þannig var á fjölmörgum stöðum í greinargerð vísað til norsku útlendingalaganna. Þá var sömuleiðis tekið mið af þróun í öðrum Evrópuríkjum og helstu tilskipunum sem í gildi voru í málaflokknum. Að þessu sögðu eru lögin auðvitað íslensk og aðlöguð að þörfum íslensks samfélags. Hér hafa sem sé einnig gilt reglur og framkvæmd sem er frábrugðin framkvæmd nágrannaríkja okkar – séríslenskar reglur og framkvæmd.

Frá gildistöku núgildandi útlendingalaga hefur margt breyst, ekki síst í málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd. Mikilvægt er að löggjöfin og framkvæmdin sé aðlöguð að þróun alþjóðasamfélagsins og þar hafa norrænar vinaþjóðir verið fyrri til. Eins og áður lítum við til reynslu þeirra og regluverks í þeim efnum.

Eitt af því sem við þingmenn höfum tekist á um, er minnkuð félagsleg þjónusta við umsækjendur sem fengið hafa endanlega synjun við umsókn um alþjóðlega vernd. Það er mjög svo óeðlileg krafa, hvað þá niðurstaða, að fólk geti ferðast hingað og fengið húsnæði, framfærslu og önnur félagsleg réttindi til langs tíma eftir að hafa verið synjað um alþjóðlega vernd á tveimur stjórnsýslustigum.

Það er jafnvel svo að fólk getur tafið eigin brottvísun þegar ákvörðun um hana liggur fyrir, mánuðum og jafnvel árum saman án þess að það hafi nokkur áhrif á rétt viðkomandi til húsnæðis eða framfærslu frá íslenska ríkinu. Getur verið að einhverjum finnist það eðlilegt? Ég tel að fólk almennt telji svo ekki vera. Að réttara sé að verja fjármunum ríkisins til annarra sem þeirra þurfa.

Þetta er enda framkvæmd sem er ólík því sem gerist í löndunum í kringum okkur. Þó svo að framkvæmd við veitingu þjónustu og brottfall hennar við þessar aðstæður sé mismunandi, er almenna reglan sú að þjónustustig minnkar eða hverfur þegar einstaklingur fær synjun á umsókn um alþjóðlega vernd. Þá skiptir það sömuleiðis máli í flestum ríkjum hversu samvinnufúsir einstaklingar eru við framkvæmd ákvörðunar um synjun og brottvísun frá landinu. Framangreint á við um Svíþjóð, Noreg, Danmörku og þetta á við um um Finnland. Af hverju ekki hér?

Við getum verið sammála eða ósammála um hvort breytingarnar sem lagðar eru til á útlendingalöggjöfinni séu til bóta. En þær eru í það minnsta tilraun til þess að færa verndarkerfið okkar nær því sem gerist í löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Til þess að horfa m.a. til norrænnar reynslu og löggjafar – læra af því sem þar hefur reynst vel og illa, eins og við gerum svo gjarnan. Að mínu mati hafa þeir andstæðingar frumvarpsins sem fjallað hafa málefnalega um það, alls ekki fært sannfærandi rök fyrir því að Ísland skuli, ein þjóða, skera sig úr hinni norrænu fjölskyldu í þessum málum. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 31. janúar 2023

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

Prjónið hefur lengi verið stór hluti af menningarsögu landsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Prjónað hnoss

jme@frettabladid.is

Í tilefni sýningarinnar Heimsins hnoss: Lúinn kistill, silfurskeið og nærbuxur (með gati) í Boga-sal Þjóðminjasafns Íslands, flytur Guðrún Hildur Rosenkjær, kjóla- og klæðskerameistari, sagnfræðingur og þátttakandi í rannsóknarverkefninu Heimsins hnoss, erindi um nauðsyn þess að rannsaka heimildir um prjón með öllum þeim aðferðum sem það krefst. Þar með talið skoðun á fjölbreyttum heimildum og varð-veittum munum.

Rannsóknin fólst í því að varpa ljósi á efnislegar eigur fólks á síðari öldum og velta því fyrir sér hvernig þessir hlutir mynda menn-ingararf íslensku þjóðarinnar í dag. Á sýningunni Heimsins hnoss er teflt saman upplýsingum um dánarbú úr Þjóðskjalasafni Íslands og gripum Þjóðminjasafnsins til að varpa ljósi á efnisheim fólks á 18. og 19. öld.

Prjónað um Ísland

Aðferðir Guðrúnar mætti kalla „tilraunasagnfræði“. Rannsóknir klæðskera og sagnfræðings hafa þannig varpað ljósi á mikilvægi prjóns í fatagerð á 18. og 19. öld, en fjölbreyttar heimildir benda ein-mitt til útbreiddrar prjónaþekk-ingar Íslendinga á 18. og 19. öld.

Fyrirlesturinn verður fluttur í dag klukkan 12. ■

Katrín Helga Guðmundsdóttir hefur brennandi áhuga á hönnun og listum og heimili hennar ber þess sterk merki. Takið eftir loftbelgnum í horninu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Litríkt og frumlegt heimili Katrínar sem gefur hlýju og ást

Katrín Helga Guðmundsdóttir á ótrúlega frumlegt og fallegt heimili þar sem fallegir og hlýir litir leika aðalhlutverkið og umvefja heimilið sjarma. Katrín er óhrædd við að fara aðrar leiðir við að stílisera heimili og hefur brennandi áhuga á hönnun og listum. 2

Katrín er 25 ára og útskrifaðist úr listfræði við Háskóla Íslands síðasta sumar og starfar nú á Gerðarsafni í Kópavogi. Sambýlismaður hennar, Jón Helgi Ingvarsson, er 28 ára sjúkraþjálfari hjá Sjúkraþjálfun Íslands í Kringlunni.

„Ég hef alltaf haft brennandi áhuga á hönnun og listum og myndi segja að innanhússhönnun sé mitt stærsta áhugamál. Ég stefni á að fara í nám erlendis en það er draumur sem ég ætla að melta aðeins lengur. Mér finnst svo magnað hvað hlýleg og skemmtileg rými hafa góð áhrif á líðan okkar. Mér líður best í rýmum þar sem frumleiki, sjarmi og hlýleiki eru í fyrirrúmi. Við tókum þessa íbúð svolítið í gegn með góðri hjálp, við flotuðum, skiptum um parkett, máluðum, settum flísar í forstofuna og eldhúsið. Svo skiptum við um borðplötu í eldhúsinu, settum nýjar gluggakistur og skiptum um innréttingu á baðinu," segir Katrín.

„Ég aðhyllist ekki neinn sérstakan stíl heldur kaupi ég bara það sem mér finnst fallegt og oft smá öðruvísi, svo finn ég bara leið til að láta allt virka saman. Ég er eiginlega alltaf með fersk blóm heima, þau gefa mér svo mikið. Vil helst ekki taka það saman hvað ég eyði miklum pening í blóm á mánuði. Ég er ekkert rosalega mikil plöntumanneskja en falleg monstera finnst mér gefa heimilinu skemmtilegan blæ."

Aðspurð segir Katrín hjarta heimilisins klárlega vera eldhúsið. „Þar eru svo dýrmætar samverustundir. Ég enda einhvern veginn alltaf við eldhúsborðið, sama hvort ég er að spjalla, læra eða slaka á. Mér finnst ómissandi að vera með góða kaffivél, góða potta og pönnur."

Litir í mestu uppáhaldi

Fallegir og hlýir litir prýða veggi heimilisins. „Þegar við vorum að velja litina á veggina þá vildi ég hlýlega brúna og beige tóna. Mér finnst þessir brúnu tónar svo mikið fallegri en gráir og hvítir sem eru kannski algengari. Mér finnst allir litir fallegir en það eru tveir litir sem fara rosalega í mig og það eru rauður og grár þannig að ég reyni að kaupa sem minnst af þeim litum. Bleikur, appelsínugulur og brúnn eru í miklu uppáhaldi."

> **Ég aðhyllist ekki neinn sérstakan stíl heldur kaupi ég bara það sem mér finnst fallegt og oft smá öðruvísi, svo finn ég bara leið til að láta allt virka saman.**

Katrín hefur gaman af því að blanda saman alls konar efnum í húsgögnum. „Mér finnst til að mynda mjög fallegt að blanda saman ólíkum við. Eikar-borðplatan og eldhúsborðið finnst mér virka mjög vel saman þó að viðurinn sé alls ekki eins á litinn. Púðar og teppi gefa stofunni eitthvað extra sem gerir svo mikið."

Söfnunarárattan er líka til staðar. „Við erum að safna Royal Copenhagen-stellinu og það bætist hægt og rólega í það. Ég er líka að safna alls konar skeljum, kuðungum og svönum, það er mjög skemmtilegt."

Með loftbelg í stofunni

„Uppáhalds smáhlutirnir eru flestallir úr Góða hirðinum eða keyptir notaðir eins og til dæmis bleika Smeg-brauðristin sem er í miklu uppáhaldi. Ég held mikið upp á loftbelginn í stofunni, við keyptum hann þegar við byrjuðum að búa saman og vorum í íbúð með mikilli lofthæð á Laugaveginum þar sem hann naut sín vel. Hann fékk að koma með í þessa íbúð og hann er alltaf jafn skemmtilegur, þótt hann sé aðeins farinn að gulna greyið.

Af stærri hlutunum er sófaborðið úr Tekk og rattan-gólflampinn úr Ungfrúnni góðu uppáhalds.

Stórir gluggar gefa íbúðinni mikla birtu sem Katrínu finnst vera svo dýrmætt. „Franski glugginn, rósettan og loftlistarnir gefa íbúðinni einnig mikinn sjarma. Svefnherbergið er lítið og kemst lítið annað fyrir en rúm en við náðum að koma fyrir borðtölvu sem er í litlu skoti í herberginu."

Þingholtin draumastaðsetning

Þegar kom að því að velja staðsetninguna á heimilinu réð hverfið miklu. „Stór partur af hverju við heilluðumst af íbúðinni var hverfið, Laugardalurinn. Hverfið er einstakt og ég er fædd og uppalin hér. Hér er maður nálægt allri þjónustu, Grasagarðinum og fleiri skemmtilegum stöðum. Þingholtin í miðbæ Reykjavíkur eru þó ákveðin draumastaðsetning og vona ég að við munum enda þar einhvern tímann. Menning, listir og skemmtileg kaffihús er það sem heillar mest við það að búa í miðbænum og auðvitað stemningin." ■

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Litirnir á veggjunum skapa ákveðinn hlýleika og gaman er að sjá hvernig Katrín raðar ólíkum myndum saman á vegginn fyrir ofan sófann. Skapar skemmtilega stemningu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Hjarta heimilisins slær í eldhúsinu og franski glugginn skapar þessa dýpt í rýminu. Lifandi blóm er eitthvað sem Katrín er dolfallin yfir og eyðir í.

Hlutirnir í eldhúsinu eru litríkir og gaman að sjá hvernig Katrín blandar líflegum litum eins og brauðristinni bleiku og appelsínugula pottjárnspottinum.



Stofa og eldhús eru í sama rými og fléttast vel saman.

Ákveðin ró er yfir svefnherberginu og litavalið myndar þetta rómantíska yfirbragð.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Guðmundur Hilmarsson,** gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn:
Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652,
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654,
Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

HVERNIG LÍÐUR ÞÉR Í MELTINGUNNI?

Bio Kult Candéa inniheldur 7 tegundir frostþurrkaðra og sýruþolinna gerlastofna

Bio Kult Candéa er sérhönnuð góðgerlablanda sem hefur það að markmiði að styðja við heilbrigða þarmaflóru og heilbrigða flóru á viðkvæmum svæðum.

Bio-Kult góðgerlar henta vel samhliða sýklalyfjum en mælt er með að Bio-Kult sé tekið 1-2 klst. eftir inntöku sýklalyfjanna fyrir bestan árangur.

Bio-Kult®
Candéa®

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Málarar

MÁLARAR
Tökum að okkur alla almenna málningavinnu, við erum faglærðir með mikla reynslu og sanngjarnir í verðum.
s. 782 4540 loggildurmalari@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

Keypt & Selt

Til sölu

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Heilsa

Heilsuvörur

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Auglýsing um skipulagsmál í Þingeyjarsveit

Breyting á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 - 2022

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 26. janúar 2023 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022 og að hún skildi auglýst skv. 31 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsáformin fela í sér skilgreiningu lagnaleiðar frá Þeistareykjum að Kópaskerslínu. Áformað er að leggja 7,8 km langan jarðstreng í vegkant gamla Þeistareykjavegar frá tengivirki við Þeistareyki, til norðurs að Kópaskerslínu.

Tillagan með umhverfisskýrslu verður aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, www.thingeyjarsveit.is og á skrifstofum sveitarfélagsins. Tillagan er auglýst með umsagnarfresti frá og með miðvikudeginum 1. febrúar til og með miðvikudeginum 8. mars 2023.

Umsagnir við tillöguna skulu berast skipulagsfulltrúa á netfangið atli@thingeyjarsveit.is eða skriflega á skrifstofu sveitarfélagsins, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn.

Skipulagsfulltrúi



VG leggur smábátasjómenn á höggstokkinn

Inga Sæland
alþingismaður og formaður Flokks fólksins

VG er því miður í mínum huga hreinn og klár svikaflokkur. Flokkur sem boðaði bjartari tíð fyrir brothættar sjávarbyggðir og kvótalitlar útgerðir, fyrir kosningarnar 2021. Margur bar þá von í brjósti að þegar Svandís Svavarsdóttir (VG) settist í ráðherrastól myndi hún beita sér fyrir auknu réttlæti og bjartari tímum sjávarbyggðanna. Sú von var andvana fædd.

Verk Svandísar hafa hingað til ekki verið í neinu samræmi við þá stefnu sem flokkurinn bauð kjósendum. Þvert á móti. Loforð um að efla strandveiðar voru „efnd“ með því að stöðva strandveiðar upp úr miðjum júlí og í stað þess að vinda ofan af kerfinu, þá flækir hún það enn frekar!

> Það liggur því fyrir einbeittur vilji ráðherrans til að þurrka út smábátaútgerð með þeim hörmulegu afleiðingum sem það hefði fyrir viðkvæmar sjávarbyggðir landsins.



Svandís bítur höfuðið af skömminni

Á nýliðnu ári setti hún á laggirnar einn fjölmennasta stýrihóp Íslandssögunnar. Markmiðið var sagt vera að ná betri sátt um umdeilt kvótakerfi, sem hefur um áratugaskeið verið eitur í beinum stærsta hluta þjóðarinnar.

Nú liggja fyrir bráðabirgðatillögur STÓR-hópsins sem unnar voru undir forystu Eggerts Benedikts Guðmundssonar, fyrrverandi forstjóra N1 og Granda. Hann skartar nú þeim virðulega titli að vera leiðtogi á sviði sjálfbærrar þróunar í forsætisráðuneyti Katrínar Jakobsdóttur.

Það er holur hljómur í meintum sáttatillögum. Í stuttu máli fela þær ekkert annað í sér en áróður og einbeittan vilja til að festa núverandi kvótakerfi enn kirfilegar í sessi. Kvótakerfi sem í rúmlega fjörutíu ára sögu sinni hefur t.d. ekki náð brotabroti af þorskafla sem að var stefnt. Áróðurinn fyrir þröngum sérhagsmunum SFS (LÍÚ) í „sáttatillögunum“ er það grímulaus að þar má finna tillögur um að leggja af strandveiðar og byggðakvóta, með því að hætta að taka 5,3% af heildaraflaheimildum til byggða- og atvinnumála.

Árás á lífríkið í nafni umhverfisverndar

Ég er gjörsamlega orðlaus yfir allri þessari veruleikafirringu í nafni umhverfisverndar. Það sér það hver heilvita maður að sú fyrirætlun að hleypa mun stærri og aflmeiri togurum við togveiðar en nú er leyft, nánast upp í fjöru, er ekkert annað en hrein og klár atlaga að viðkvæmasta lífríkinu í kringum landið. Hvað segja umhverfissinnarnir í VG við sjávarsíðuna þegar þeir eru nánast komnir með stærðarinnar togara með manni og mús inn á svefnherbergisgólfið til sín?

Þessar ömurlegu hagsmunatengdu tillögur eru í takti við fyrri verk ráðherrans. Við skulum ekki gleyma að eitt fyrsta embættisverk hennar var að skerða aflaheimildir til strandveiða. Það liggur því fyrir einbeittur vilji ráðherrans til að þurrka út smábátaútgerð með þeim hörmulegu afleiðingum sem það hefði fyrir viðkvæmar sjávarbyggðir landsins.

Raunveruleg sátt næst aldrei með því að troða óréttlæti VG ofan í kokið á þjóðinni. Tryggja verður jafnræði til nýtingar á sameiginlegri auðlind. Fyrsta skrefið er augljóslega að auka frelsi strandveiða og að koma á gegnsærri verðmyndun á afla með því að verðlagning fari fram á frjálsum og opnum uppboðsmarkaði. ■

Börnin okkar, fíkniefnaheimurinn og framtíð Íslands

Gísli Hvanndal Jakobsson
eilífðarstúdent



Á Íslandi eru margar fjölskyldur með sterka þrá um bjarta framtíð fyrir sig og börnin sín.

Ég þekki til fólks með börn þar sem sambýlismaður konunnar á langa sögu um sölu á fíkniefnum.

Eins eiga þau það bæði sameiginlegt að neyta fíkniefna og áfengis í kringum börnin.

Í svona aðstæðum ber hverri manneskju skylda til að tilkynna foreldra eða sambúðarfólk til barnaverndar og/eða lögreglu.

Þarna er maður sem er búinn að vera valdur að mörgum dauðsföllum með sölu sinni á fíkniefnum og er með börn í kringum sig og neytir sjálfur fíkniefna með maka sínum í kringum börnin.

Er þetta samfélag sem við viljum sjá?

Ég hef persónulega heyrt fólk segja að fíkniefnamarkaðurinn sé til staðar hvort sem ég taki þátt í honum eða ekki þannig að ég get alveg eins tekið þátt í honum og grætt smá peninga fyrir mig og mína. Fólk tekur ábyrgð á sjálfu sér en ég ekki á þeim. Svona „rök“ eru ekkert nema siðblinda.

Hugsaðu þér að vera sjálf/ur dópsali og missa þitt eigið barn úr of stórum skammti af þínu eigin dópi sem þú selur.

Ástæðan fyrir því að ég vildi skrifa aðeins um þetta er sú að ég þekki til fólks sem hefur látist vegna ofneyslu fíkniefna. Ég þekki líka til fólks sem hefur tekið sitt eigið líf í geðrofi á fíkniefnum og eða þróað með sér svo mikið þunglyndi og dregið sig frá samfélaginu að það hefur tekið sitt eigið líf.

Ég hef séð fjölskyldur sundrast og séð persónulega eyðileggingarmátt fíkniefna.

Ég hef séð frá unga aldri þessa þróun versna og nú er svo komið að fólk hér á Íslandi hugsar sig tvisvar um hvort það ætti að fara út á lífið um helgar, hvort sem það er í miðbæ Reykjavíkur eða annars staðar vegna ótta um að verða fyrir ofbeldi í sínum fjölmörgu myndum.

Ef við viljum sjá og fá bjarta, góða og örugga framtíð fyrir börnin okkar þá verðum við að standa saman sem samfélag og vernda börnin okkar.

Við erum öll Barnavernd

Ég trúi því að allir geti breyst ef þeir raunverulega vilja og það er í okkar valdi að leiðbeina ungu kynslóðinni í rétta átt að góðu lífi án eiturlyfja sem eyðileggja allt sem okkur er kært.

Sjálfsmorðstíðni hefur aukist verulega, glæpir af öllum toga, alvarlegar líkamsárásir, þróun margra gengja og stríða þeirra á milli og einnig höfum við séð grimmileg morð og aftökur sem þekktist ekki hér áður fyrr.

Er þetta það sem við viljum fyrir börnin okkar?

Ég trúi því að allir geti breytt sínu lífi og tekið aðra stefnu og gengið burt frá fíkniefnaheiminum sem gefur manni bara sársauka og sorg.

Það er augljóst mál að samstarf þarf að ríkja meðal stjórnmálamanna og bæjarfélaga á öllum stigum þjóðfélagsins til að snúa þessari þróun við.

Ef raunveruleg breyting á að eiga sér stað verða stjórnmálamenn að taka á þessari slæmu þróun.

Við erum öll Barnavernd og við erum öll ein stór fjölskylda ef við viljum vera það og getum gert Ísland að því landi sem börnin okkar eiga skilið. ■

Vangeta

Unnur H. Jóhannsdóttir
blaðamaður

Síðastliðið haust hrundu ÖBÍ réttindasamtök af stað kröftugri fræðsluherferð um fatlað fólk, þar með talið langveikt fólk, meðal annars til að fræða almenning og stuðla að jákvæðari umræðu sem og að auka sýnileika fatlaðs fólks.

Tungumálið er öflugt og það fylgir tíðarandanum en í neti þess lenda gjarnan óæskileg orð sem oft lýsa skorti á þekkingu, skilningi og stundum bara því að geta sett sig í spor annarra.

> Tungumálið er öflugt og það fylgir tíðarandanum en í neti þess lenda gjarnan óæskileg orð sem oft lýsa skorti á þekkingu, skilningi og stundum bara því að geta sett sig í spor annarra.

Leikur að orðum var einn hluti herferðarinnar þar sem forskeytið gat gjörbreytt merkingu orða, Tökum dæmi: van-máttur, orðið vanmáttur eitt og sér hefur yfir sér neikvæðan blæ en orðið máttur eitt og sér magnaðan og jákvæðan blæ. Því fylgir þróttur og fjör.

Orðatvennan van-geta, lýsir eins og önnur sem hér hafa verið kynnt til sögunnar, hvernig orðræðan um fatlað fólk og langveika, í mörgum tilfellum öryrkja, getur verið og hefur verið. Samkvæmt íslenskri orðabók merkir vangeta m.a. dugleysi, aumingjaskap, ræfildóm og vanhæfni. Er ekki tími til kominn að breyta þessu orðspori og skora fordómana á hólm?

Geta merkir hins vegar að vera fær um, að kunna eitthvað eða læra. Ætlið þið að segja mér að úr 45.000 manna hópi geti aðeins fáir skarað fram úr eða getað? Nei, fatlað og langveikt fólk hefur svo margt til málanna að leggja og ekki aðeins um það sem að þeim snýr. Þau eru hæfileikabúnt upp til hópa og því mikilvægt að samfélagið sé meðvitað um það svo að hæfileikarnir og getan fari ekki forgörðum. Við viljum að borðinu!

Stjórnvöld hafa undanfarin misseri lagt áherslu á svokallaða starfsgetu sem henti vel til mats á vinnufærni fatlaðs fólks og langveiks. Í fljótu bragði virðist þetta jákvæð þróun eins og segir á heimasíðu Virk: „Starfsgetumat er í eðli sínu flóknara mat en örorkumat þar sem taka þarf tillit til mun fleiri þátta. Meðal annars þarf að skoða möguleika og störf á vinnumarkaði og eins er óraunhæft að meta starfsgetu án þess að einstaklingar fái aðstoð og tækifæri til að efla styrkleika sína og takast á við þær hindranir sem eru til staðar vegna afleiðinga sjúkdóma og/eða slysa.“ Það er þó ljóst að mat, undirbúningur og uppbygging er til lítils ef ekki er í boði fjölbreytt flóra starfa, bæði hluta- og fullra, ásamt viðeigandi aðlögun til að mæta þessum hópi. ■

Nóg til á Brúnni

Helgi Fannar Sigurðsson
helgifannar@frettabladid.is

Chelsea hefur eytt allsvakalegum fjárhæðum í knattspyrnumenn frá því að félagið fékk nýja eigendur síðastliðið vor. Þegar reglur Evrópska knattspyrnusambandsins um fjárhagslega háttvísi eru teknar inn í myndina virðist ótrúlegt hvað félagið hefur getað greitt fyrir nýja leikmenn. Það eru þó ýmsar ástæður fyrir því.

FÓTBOLTI Jóhann Már Helgason, viðskiptafræðingur og sparkspekingur, er ansi fróður um fjármála- og viðskiptahliðina hjá enska úrvalsdeildarfélaginu Chelsea, sem hefur undir stjórn nýrra eigenda farið mikinn á félagsskiptamarkaðnum og komið inn með nýja vinda í leiðinni.

Frá því að Bandaríkjamaðurinn Todd Boehly, ásamt Clearlake Capital, keypti Chelsea af hinum rússneska Roman Abramovich í maí árið 2022 hefur félagið eytt tæplega fimm hundruð milljónum punda í nýja leikmenn.

Margir furða sig á því að Evrópska knattspyrnusambandið (e. UEFA), með sitt regluverk um fjárhagslega háttvísi, hafi ekki gripið inn í en Jóhann Már segir Chelsea ekki sloppið fyrir horn hvað þetta varðar.

„Mögulega mun regluverkið að lokum narta í Chelsea, en þetta er ákveðið veðmál sem Todd Boehly og Clearlake Capital eru til í að taka."

Veðmálið felst í því að Boehly og félagar eru að Ameríkuvæða samningsgerðina við leikmenn.

„Við höfum ekki séð þetta áður í ensku úrvalsdeildinni, aðallega höfum við verið að sjá fimm til sex ára samninga í allra mesta lagi. Það sem Boehly er að gera núna er það að hann gefur út mun lengri samninga og um leið dreifir hann greiðslunum, það er kaupverðinu plús launagreiðslum, á lengri tíma. Þá afskrifast það per ár."

Þekkt vestan hafs

Í bókhaldinu hjá Chelsea lítur það því þannig út að hver leikmaður kostar minna.

„Þetta er í sjálfu sér allt gott og blessað, við sjáum þetta reglulega í bandarískum íþróttum. Ég held að stærsti íþróttasamningur sem hefur verið gerður við einhvern einstakan leikmann hafi verið samningur NFL-leikmannsins Patrick Mahomes við Kansas City Chiefs. Það var einhver níu ára samningur á sínum tíma."

Þetta sé hins vegar eitthvað sem þekkist ekki í knattspyrnuheiminum og í þessu er fólgin mikil áhætta að mati Jóhanns Más.

„Ef tekjurnar minnka eitthvað á móti og árangur liðsins inni á vellinum verður verri, þá getur Chelsea verið í vondum málum. Í þessum kringumstæðum sem við sjáum núna liggur í augum uppi að það verður að auka tekjurnar á móti.

Evrópska knattspyrnusambandinu (UEFA) líkar einhverra hluta vegna ekki vel við að þetta sé raunin. Nú hafa hugmyndir verið viðraðar um að sett verði á sérstök fimm ára regla í tengslum við afskriftartímabil hvers leikmanns. Þú mátt þess vegna gera fimmtán ára samning við leikmann en þarft að afskrifa kostnaðinn á fimm árum.

Þetta er ekki komið í gegn en af því að það er byrjað að ræða þetta held ég að Chelsea sé að leggja alla áherslu á að reyna að tryggja sér leikmann á borð við Enzo Fernandez, til þess að geta látið samning hans vera á einhverjum sjö, átta árum."

Mikil áhætta

Jóhann Már tekur sem dæmi einn af nýjustu leikmönnum Chelsea, Úkraínumanninn Mykhajlo Múdryk sem var keyptur til félagsins fyrir rúmar 88 milljónir punda og fékk átta og hálfs árs samning.

„Launin hans eru frekar lág til að byrja með miðað við það sem gengur og gerist. Hann er að fá einhver 97 þúsund pund á viku, sem er svona ekkert sérstakt samanborið við það sem allra helstu leikmenn eru að fá, en á þessum samningstíma mun hann hins vegar hækka ítrekað í launum."

Þetta sé leikplanið hjá eigendum Chelsea í hnotskurn og í tilfelli Mudryk mun kostnaður félagsins við hann afskrifast á þessu átta og hálfu ári.

> Ef tekjurnar minnka eitthvað á móti og árangur liðsins inni á vellinum verður verri, þá getur Chelsea verið í vondum málum.

Jóhann Már Helgason, viðskiptafræðingur og sparkspekingur

Auðvelt er að sjá muninn á nálgun félaga í ensku úrvalsdeildinni með því að bera saman kaup Chelsea á Mudryk við kaup Arsenal á Leandro Trossard.

„Trossard fær þriggja ára samning og ágætiskaup hjá Arsenal en félagið er að borga meira fyrir hann hvert ár heldur en Chelsea fyrir Múdryk þrátt fyrir að verulegur munur sé á milli í kaupverði þessara tveggja.

Kostnaðurinn er þó sannarlega til staðar hjá Chelsea þetta átta og hálfa ár. Þá má segja sem svo að ef eitthvað klikkar hjá Chelsea tekjulega séð þá er UEFA og regluverk þess um fjárhagslega háttvísi komið á eftir þeim."

Sjá úrvalsdeildina stækka

Þá felist einnig margvísleg áhætta í umræddum samningum sem Chelsea er að gera. Til að mynda ef leikmenn standa ekki undir væntingum eða það dregur verulega úr söluandvirði þeirra af einhverjum ástæðum. Chelsea búi yfir dæmum frá fyrri tíð þar sem leikmenn, sem keyptir voru fyrir háa fjárhæð, fengu langan samning en stóðu svo ekki undir væntingum.

„Leikmaður á borð við Danny Drinkwater sem varð bara að óhreyfanlegri eign hjá Chelsea. Það var ekkert lið sem vildi taka launapakkann hans og það var ekki hægt að selja hann. Maður sér svona dæmi oft og ítrekað en þess vegna er mun mikilvægara fyrir vikið að reyna að halda launapakkanum eins lágum og hægt er og gera þá lengri samning á móti."

Boehly og Clearlake Capital sjái ákveðin sóknarfæri í Chelsea, ónýtta auðlind.

„Þeir voru að borga hátt verð fyrir félagið, einhverja 2,5 milljarða punda með skuldbindingu upp á að setja síðan 1,5 milljarða í viðbót í félagið, meðal annars til þess að stækka leikvang Chelsea.

Þeir líta bara svo á að enska úrvalsdeildin sé undirverðmetin og halda að tekjurnar í deildinni, sem og knattspyrnuheiminum, muni aukast verulega. Þetta er annað veðmál sem þeir eru að taka en tekjurnar hafa aukist verulega í enska boltanum.

Árið 2010 var Chelsea að velta um 200 milljónum punda árin 2008–2009 en nú hefur sú upphæð tvöfaldast og maður spyr sig hvar er markið? Boehly og Clearlake Capital eru að eyða töluverðum peningum vegna þess að þeir halda að þeir geti aukið bæði verðgildi Chelsea sem og knattspyrnunnar á heimsvísu sem vörumerkis." ■

Forráðamenn Chelsea hafa ekki setið auðum höndum eftir að hafa keypt félagið af Roman Abramovich árið 2022. Miklar breytingar hafa átt sér stað á leikmannahóp liðsins sem og þjálfarateymi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kolluna upp fyrir alla sem eru að missa vonina!

„Kraftur þýðir skemmtun. Það er svo jákvæð orka þarna og skemmtilegt fólk“

Ekki missa vonina!

lifidernuna.is

Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.
Kaupum kolluna á **lifidernuna.is**

KRAFTUR

†

Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Pétur Orri Þórðarson

fv. skólastjóri,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans 10. janúar sl.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki HERU og líknardeildarinnar fyrir einstaka umönnun og kærleika.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítalasjóð Hringsins og Krabbameinsfélagið.

Kristín Bernhöft
María Fjóla Pétursdóttir — **G. Birnir Ásgeirsson**
Þórður Orri Pétursson — **Hildur Harðardóttir**
Kristín Hlín Pétursdóttir — **Davíð Sverrisson**
og barnabörn

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Sólveig Guðfinna Stígsdóttir Sæland

Hraunvangi 1, Hafnarfirði,

lést miðvikudaginn 18. janúar.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 2. febrúar kl. 13.00. Einnig verður streymt frá athöfninni á eftirfarandi slóð:
youtu.be/2ZNoDdo0MLU

Björg G. Sæland Eiríksdóttir
Sigríður M. Sæland Eiríksdóttir
Ragnheiður Sæland Einarsdóttir — **Sigfús Jón Sigurðsson**
Auður Sæland Einarsdóttir
Ásrún Sæland Einarsdóttir — **Jósef Kristjánsson**
Stígur Sæland Einarsson — **Stine Einarsson**
Katrín Sæland Einarsdóttir — **Haukur Geir Garðarsson**
og fjölskyldur

Útfararstofa Íslands
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson
S: 896 8242

Jóhanna
Eiríksdóttir

Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

Útfararstofa Hafnarfjarðar
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Sjötugur sjómaður með lágan lífeyri og gerist öryggisvörður

Það er ekki sjálfgefið að menn hætti að vinna um sjötugt, sérstaklega ef starfsþrekið er gott og menn sjóaðir af seltu sjávar. Þetta á svo sannarlega við í tilviki Ólafsfirðingsins Björns Þorsteinssonar.

ser@frettabladid.is

Björn Þorsteinsson á að baki langa starfsferil til sjós. MYND/AÐSEND

Fast hann sótti sjóinn í svo að segja hálfa öld, en nú hefur hann söðlað um á gamals aldri, ef svo má segja, stendur á sjötugu og er búinn að ráða sig í öryggisvörslu hjá Heilsuvernd á Vífilsstöðum, en sú einkarekna læknastofa var að hefja rekstur í því sögufræga húsi.

Og þar mun Björn Þorsteinsson gæta húsakosts á næstu misserum, eftir að hafa stundað sjósókn mestalla sína ævi.

„Það var kominn tími á mann að koma í land," segir Björn, „en það er engin leið að hætta að vinna," bætir hann við og segist hafa komist að því að lífeyririnn hans dugði engan veginn til framfærslu eftir farsælt sjómannsstarf.

„Það voru ekkert nema skerðingar sem blöstu við mér," útskýrir Björn, „og fyrst var ég ekki að fá nema 270 þúsund krónur á mánuði eftir skatt. Það er náttúrlega ekki nokkur skapaður hlutur. Ég gat eitthvað lagað þetta og er núna kominn yfir 300 þúsund, þó það, en það lifir enginn maður á svona lágum tekjum."

Svo hann bað um að vinna áfram á Vífilsstöðum, hafði byrjað þar öryggisvörslu á meðan Landspítalinn réð þar ríkjum – og hann var endurráðinn af nýjum rekstraraðila um áramótin.

Hann segir auðvitað allt annað að vinna í landi en úti á sjó – og það haugasjó, en lengst af vann hann sem háseti á Þerneynni sem þá var eitt af helstu skipum Granda. „Það var einstaklega gott skip," rifjar hann upp, en fyrsti túrinn með því fleyi var um 1993. „Ætli ég hafi ekki siglt með því í yfir fimmtán ár, eða allt þar til Þerney var seld. Við sigldum mikið norður í höf, í Smuguna og Barentshaf og þar var alvöru fisk að finna. Þetta voru topptúrar. Og maður entist því í þessu lengi. Ég var eini upphaflegi skipverjinn á Þerneynni þegar ég hætti," segir Björn.

Og hann man tímana tvenna til sjós, byrjaði náttúrlega sem pjakkur fyrir norðan á síðutogurum á því herrans ári 1970 – og þá var siglt. „Ég man ekki betur en að ég hafi ælt eins og múkki allan fyrsta túrinn, en svo ekki söguna meir. Ég hef aldrei fundið fyrir sjóveiki síðan."

En þetta voru ævintýri. „Blessaður vertu, það var alltaf siglt með aflann á Hull og fyrir ungan mann var það upplifun," rifjar gamli sjómaðurinn upp – og núverandi öryggisvörður hjá Heilsuvernd á Vífilsstöðum, ekkert á því að leggja árar í bát.

„Það var kominn tími á mann að koma í land." ■

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kolbrún Emma Magnúsdóttir

lést á Landspítalanum laugardaginn 14. janúar.
Útför/bálför fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 3. febrúar klukkan 13.

Hörður Diego Arnórsson
Hans Vilberg Guðmundsson — **Anna Aspar Aradóttir**
Þorvaldur Harðarson — **Guðný Helga Helgadóttir**
Linda Diego — **Viðir Már Hermannsson**
barnabörn og barnabarnabörn

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Guðjónsson

frá Reykjum, Vestmannaeyjum,

lést á dvalarheimilinu Hraunbúðum mánudaginn 23. janúar.
Útförin fer fram frá Landakirkju laugardaginn 4. febrúar klukkan 13.

Jón Grétar Magnússon — **Guðrún I. Gylfadóttir**
Jóhanna Elísa Magnúsdóttir — **Karl Logason**
barnabörn og barnabarnabörn

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýju við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Heiðar Önnu Vigfúsdóttur

Sérstakar þakkir færum við öllum þeim sem komu að umönnun hennar í langvarandi veikindum, sérstaklega starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Grundar.

Birgir Guðjónsson
Ásdís Birgisdóttir — **Björgvin Richardson**
Gunnar Birgisson — **Amanpreet Birgisson**
Sigrún Birgisdóttir — **Jón Ólafsson**
Arnar, Egill, Rex, Cal, Freyja, Ólafur Birgir, Anna Vilborg og Elmar Birgir

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Sveindís Sveinsdóttir

Dídí

Kríuási 15, Hafnarfirði,

sem lést á heimili sonar síns og fjölskyldu í Lúxemborg að morgni 2. janúar, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 3. febrúar og hefst athöfnin klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Geðhjálp.

Helgi Eyjólfsson
Súsanna María B. Helgadóttir — **Steinn Jóhannsson**
Sveinn Garðar Helgason — **Kristín Pétursdóttir**
Helga Rut, Hinrik Snær, Þórdís Eva, Rakel Dís, Karen Sveindís, Sólon Hugo

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón H. Guðmundsson

lést á Landspítalanum, Fossvogi, föstudaginn 27. janúar.

Hólmfríður Jónsdóttir
Elín Lára Jónsdóttir — **Snorri Páll Einarsson**
Unnur Jónsdóttir — **Hilmar Harðarson**
Vignir Jónsson — **Helga Torfadóttir**
barnabörn og barnabarnabörn

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðbjörg Margrét Guðlaugsdóttir

frá Bolungarvík,
Háalundi 4, Akureyri,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 3. febrúar kl. 13.

Kristín Björg Ólafsdóttir — **Sveinn Eyþórsson**
Guðlaugur Árnason — **Areerat Khongprakhon**
Ingibjörg Sveinsdóttir — **Gísli Skarphéðinsson**
Ingveldur Jónsdóttir — **Georg Þorvaldsson**
barnabörn og barnabarnabörn

Hvernig hljómar það sem þú sérð?

Beltone **Imagine**™ – *hágæða heyrnartæki*

Hljóðheimurinn er stór hluti lífs okkar. Við hjálpum þér að njóta hans með hágæða heyrnartækjum sem bæta lífsgæði þín til muna. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu. Það gæti verið farmiðinn þinn inn í ævintýraheim hljóðsins.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

SJÓNVAPSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
19.30 Heilsubraut Heilsan frá ýmsum hliðum í umsjón Helgu Maríu.
20.00 Bærinn minn
20.30 Fréttavaktin
21.00 Matur og heimili

RÚV SJÓNVARP

13.00 Fréttir með táknmálstúlkun
13.25 Heimaleikfimi
13.35 Kastljós
14.00 Útsvar 2016-2017
15.25 Enn ein stöðin
15.55 Ímynd
16.25 Mamma mín
16.40 Íslendingar
17.35 Menningarvikan
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Pósturinn Páll
18.16 Jasmín & Jómbi
18.23 Drónarar
18.45 Krakkafréttir
18.50 Lag dagsins
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Kveikur
20.55 Tölvuhakk - frítt spil? Sænskir heimildarþættir frá 2021. Stór hluti daglegs lífs okkar er stafrænn – en hversu örugg er staða okkar í stafrænum heimi? Í þáttunum taka þrautreyndir tölvuhakkarar sig til og brjótast inn í tölvur hjá einstaklingum og fyrirtækjum, bara til að sýna okkur hinum hversu sáraeinfalt það er að komast yfir gögn – og líf – fólks með því að hakka tilveru þeirra.
21.25 Vogun vinnur Leslie Winner ber ekki alveg nafn með rentu því þrátt fyrir að vera óbilandi bjartsýnismaður lendir hann sífellt í óheppilegum uppákomum.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Eldfimt leyndarmál Meghan er vinsæll áhrifavaldur á samfélagsmiðlum en Agatha vinafár hilluraðari í stórmarkaði. Þær eiga fátt sameiginlegt annað en eitt eldfimt leyndarmál sem gæti steypt allri þeirra tilveru í glötun og að vera báðar komnar á steypirinn.
23.05 Synd og skömm
23.50 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

12.00 Dr. Phil
12.56 The Late Late Show
13.36 The Block
14.22 Love Island
15.39 George Clarke's Flipping Fast
16.55 Survivor
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 The Block
20.10 Heartland Dramatísk þáttaröð sem segir frá fjölskyldu sem býr á búgarði í Alberta-fylki í Kanada og líf þeirra saman í gegnum súrt og sætt.
21.00 FBI
21.50 Love Island
22.35 The Man Who Fell to Earth
23.25 The Late Late Show with James Corden
00.10 NCIS
00.55 NCIS. Los Angeles
01.35 New Amsterdam
02.20 Women of the Movement
03.05 Good Trouble
03.50 Love Island

STÖÐ 2

07.55 Heimsókn
08.15 Grand Designs. Australia
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Blindur bakstur
10.00 Punky Brewster
10.20 Fyrsta blikið
10.55 Franklin & Bash
11.40 The Great British Bake Off
12.35 Rax Augnablik
12.40 Simpson-fjölskyldan
13.00 Einkalífið
13.30 Wipeout
14.10 Call Me Kat
14.30 Manifest
15.15 Inside Ikea
16.15 The Masked Singer
17.20 Franklin & Bash
18.00 Bold and the Beautiful
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Shark Tank Stórgóðir og spennandi raunveruleikaþættir þar sem hugmyndaríkir frumkvöðlar keppa um hylli auðjöfra með alls kyns uppfinningum og hugmyndum.
19.50 Masterchef USA
20.35 S.W.A.T.
21.20 War of the Worlds
22.10 Unforgettable Sakamálaþættir um fyrrverandi rannsóknarlögreglukonu sem er gædd þeim hæfileika að muna bókstaflega allt það sem hún hefur upplifað og getur séð það fyrir sér myndrænt.
22.50 Showtrial
23.45 Tell Me Your Secrets

Heilsubraut hefur göngu sína

Þættirnir Heilsubraut hefja göngu sína í kvöld á Hringbraut en þátturinn er fræðandi og skemmtilegur þar sem hjúkrunarfræðingurinn Helga María heimsækir ýmsa heilsueflandi starfsemi.

Í þætti kvöldsins fer Helga í heimsókn í Heilsuklasann og ræðir meðal annars við þá Ragnar Frey Ingvarsson, betur þekktan sem Lækninn í eldhúsinu, og Lars Jessen íþróttafræðing. ■

KROSSGÁTA



LÁRÉTT
1 brýna
5 spori
6 íþróttafélag
8 tengsla
10 rykögn
11 óhreinindi
12 dóms
13 ákaflega
15 tóftir
17 starf

LÓÐRÉTT
1 ríki í S-Ameríku
2 flaska
3 gláp
4 hlé
7 safna
9 ljóma
12 aldinlögur
14 viljugur
16 sprikl

LÁRÉTT. **1** eggja, 5 kló, 6 fh, 8 vensla, 10 ar, 11 kám, 12 mats, 13 ofur, 15 rustir, 17 staða.
LÓÐRÉTT. **1** Ekvador, 2 gler, 3 gón, 4 aflat, 7 hamstra, 9 skarta, 12 must, 14 fus, 16 lð.

SUDOKU

	1			2		5		3
	2		7	3				
		9			5			
		7						
9					3	4	1	
5			1	9		6	8	
	5		9	8	2			
7			6			8		2
		8		5		1		

7	3			5	9			
			1		3			
		5	6					7
		2			6		1	
1		9		2			7	
					1	8		
2	9		8				3	
	6	8					5	
		1	9		4			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

SKÁK

Piasetski átti leik gegn Rajkovic í Stip árið 1977.

1. Be6! Hxe6 2. Hb6! h1D (2... Hxb2 3. e8D+ Kf5 4. Dh5+). **3. e8D+ Kf5 4. Dxe6+ Kxf4 5. Dh6+ 1-0.** .

www.skak.is. Nýjustu skákfréttir.

PONDUS

FRODE ØVERLI

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Fimmtudaginn 2. febrúar mun sérblaðið

KVIKMYNDIR MÁNAÐARINS

Í blaðinu verður farið yfir kvikmyndir sem eru frumsýndar í bíóhúsum landsins í febrúar.

Þetta blað kemur út í hverjum mánuði og er staðsett í miðju Fréttablaðsins.

Blaðið er einnig aðgengilegt á frettabladid.is.

Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:
Jón Ívar Vilhelmsson Sími 550-5654 / jonivar@frettabladid.is

Hvað er að frétta?

Þú finnur allar nýjustu fréttir dagsins á frettabladid.is. Innlendar og erlendar fréttir, léttar fréttir, íþróttafréttir, viðskiptafréttir, skoðanapistla, spottið og auðvitað blað dagsins ásamt eldri blöðum.

frettabladid.is

Skannaðu kóðann

Byltingin fyrir bí

LEIKHÚS

Marat/Sade

eftir Peter Weiss
Borgarleikhúsið í samvinnu við Lab Loka
Þýðandi: Árni Björnsson
Leikstjórn: Rúnar Guðbrandsson
Leikarar: Arnar Jónsson, Sigurður Skúlason, Margrét Guðmundsdóttir, Kristbjörg Kjeld, Árni Pétur Guðjónsson, Viðar Eggertsson, Eggert Þorleifsson, Sigurður Karlsson, Hanna María Karlsdóttir, Helga Jónsdóttir, Guðmundur Ólafsson, Harald G. Haralds, Jón Hjartarson, Jórunn Sigurðardóttir, Júlía Hannam, Þórhallur Sigurðsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Reynir Jónasson, Reynir Sigurðsson, Arnfinnur Daníelsson, Halldóra Harðardóttir og Ásgeir Ingi Gunnarsson
Leikmynd og búningar: Ingibjörg Jara Sigurðardóttir og Filippía Elísdóttir
Tónlist: Richard Peaslee
Tónlistarstjórn og hljóðmynd: Guðni Franzson
Ljósahönnun: Arnar Ingvarsson
Sviðshreyfingar: Valgerður Rúnarsdóttir

Sigríður Jónsdóttir

> Margrét Guðmundsdóttir er eins og lítil sprengistjarna sem Charlotte Corday, hlutverk sem hún lék í Þjóðleikhúsinu fyrir tæpum 56 árum.

Marat/Sade í uppsetningu Rúnars Guðbrandssonar og Lab Loka er sögulegur viðburður en leiksýningin stendur því miður ekki undir væntingum sem listræn heild að mati gagnrýnanda Fréttablaðsins. MYND/GUNNLÖÐ JÓNA RÚNARSDÓTTIR

Það er ekki á hverjum degi sem hægt er að sjá yfir 1.000 ára reynslu á einu og sama leiksviðinu, samanþjappaða í 19 einstaklingum. Leikhópur Marat/Sade, eftir Peter Weiss og í leikstjórn Rúnars Guðbrandssonar, er þverskurður af leikurum og tónlistarmönnum sem settu ómetanlegt mark á íslenska menningarsögu. Eftirvæntingin var því mikil á frumsýningunni en byltingin er slungið fyrirbæri.

Leikurinn gerist á Charentonhælinu í Frakklandi þar sem de Sade markgreifi er í haldi og í miðjum klíðum að setja upp leikrit um dauðdaga byltingarmannsins Jean-Paul Marat með aðstoð hinna sjúklinganna. Marat/Sade er afsprengi sjöunda áratugarins og uppgjör við alhæfingar, sem leiða oftar en ekki til blóðugra styrjalda. Textinn er marglaga, samansafn af einræðum um lífið og tilveruna í bland við baráttusöngva í anda Bertolt Brecht.

Arnar Jónsson, sem leikur de Sade markgreifa, fagnaði áttræðisafmæli sínu deginum eftir frumsýningu og hefur fáu gleymt þegar kemur að textaflutningi, einstaki raddblærinn ennþá töfrandi, en de Sade virðist fjarlægur. Fyrir miðju sviðsins situr byltingarmaðurinn Marat í baði, sem kallast á við málverkið La Mort de Marat eða Marat Assassiné eftir Jacques-Louis David. Sigurður Skúlason kemur tilfinningalegri ringulreið Marat vel til skila en virðist spóla í sama farinu. Sömuleiðis einskorðast hlutverk Kristbjargar Kjeld við einfaldar gjörðir og hennar hæfileikar eru ekki nýttir.

Eins og lítil sprengistjarna

En að yfirnáttúrulegum augnablikum. Einungis örsjaldan eru leikhúsáhorfendur svo heppnir að leikari opnar fyrir þeim handanheima, eins og viðkomandi sé í beinu sambandi við æðri máttarvöld. Margrét Guðmundsdóttir er eins og lítil sprengistjarna sem Charlotte Corday, hlutverk sem hún lék í Þjóðleikhúsinu fyrir tæpum 56 árum. Engin leið er að vita hvort eldingu slær niður tvisvar á sama stað en augnablikið átti sér stað og Margrét leiftraði á frumsýningunni.

Henni til halds og trausts, ef svo má að orði komast, er Eggert Þorleifsson sem hefur hættulega nærveru og húmorinn á hárréttum stað. Frá honum stafar raunveruleg ógn og hann eggjar alla í kringum sig. Árni Pétur Guðjónsson er í heljarinnar stuði á þessu leikári, óútreiknanlegur, kraftmikill og í beinu sambandi við áhorfendur. Sigurður Karlsson kemur sömuleiðis inn með miklu afli, sprengiefni byltingarinnar. En stundum kviknar ekki eldur af fáeinum neistum.

Stefnulaus hópur

Rúnar Guðbrandsson á heiður skilinn fyrir að ná þessum hópi saman en misheppnast að byggja heildstæða sýningu í kringum hann. Í leikskrá er vitnað í hina altæku stofnun en táknmyndin er sjaldan notuð og hugmyndirnar hanga ekki saman. Hópurinn er of stór fyrir þetta óljósa ferðalag og pólitísk skilaboð leikritsins týnast nánast algjörlega í glundroðanum.

Hópurinn er sundurslitinn og stefnulaus, þó að leikgleðin sé svo sannarlega til staðar. Kórinn kætir en ráfandi vistfólkið hefur engan ákvörðunarstað. Sömuleiðis nýtir leikstjórinn ekki þá ríku og raunverulegu sögu sem leikhópurinn geymir. Litla atriðið þegar Viðar og Þórhildur berjast um valdasprotann opnar á sögulegt samhengi, tengsl sem hefðu bætt við eldfimri breytu í sýninguna. Undir lokin er fremur vanmáttug tilraun til að vitna í búsáhaldabyltinguna, enn önnur hugmynd án úrlausnar.

> Rúnar Guðbrandsson á heiður skilinn fyrir að ná þessum hópi saman en misheppnast að byggja heildstæða sýningu í kringum hann.

Brotakennd byltingarsýning

Tæknilegri umgjörð er mjög ábótavant, eiginlega á öllum póstum. Leikmyndin minnir á einangrunarhólf á heilbrigðisstofnunum og aðstoðarfólkið er íklætt kunnuglegum og klunnalegum einkennisbúningum. Búningarnir eru kaotískur samtíningur og stangast á við umgjörðina, þá vekur búningur Coulmier hina mestu furðu. Er hann vistmaður eða stjórnandi stofnunarinnar? Tengingarnar á milli ytri og innri heims sýningarinnar eru með öllu ófullnægjandi. Sömuleiðis eru titlar á atriðum nánast ósýnilegir og illa unnir. Hljóðvinnan er kraftlaus, ekki er við leikarana að sakast en hljóðvistin og stuðningur á sviðinu þarf að vera betri.

Marat/Sade er sögulegur viðburður, leiksýning sem við munum ekki sjá aftur í bráð. Því miður stendur Marat/Sade ekki undir væntingum sem listræn heild þrátt fyrir einstaka atriði sem munu lifa lengi í minningunni. Sýningin er sundurslitin og samhengislaus en kemst nokkuð langt á frammistöðu fárra og mikilfenglegri Margréti. ■

NIÐURSTAÐA: Margrét Guðmundsdóttir er yfirnáttúruleg í annars brotakenndri byltingarsýningu.

Fram af brúninni

BÆKUR

Dáin heimsveldi

Steinar Bragi
Fjöldi síðna: 368
Útgefandi: Mál og menning

Brynhildur Björnsdóttir

Sumir vilja meina að heimurinn rambi á brún dystópíunnar, glataðrar framtíðar þar sem allt er verra en nú. Aðrir vilja meina að hann hafi alltaf gert það. Orðið dystópía þýðir einfaldlega vondur staður og í dystópískum bókmenntum fer heimur ekki versnandi, hann er löngu farinn og ekkert er eftir nema harðræði sem dregur fram allt það versta í fólki og tækni. Stundum er einhvers konar fallegri mennsku teflt fram sem vonarneista í rústunum en það getur brugðið til beggja vona um hvort sú mennska nær að sigrast á vonleysi og eyðileggingu.

Ljósið í myrkrinu

Í Dánum heimsveldum er það ástin sem er ljósið í myrkrinu, nánar tiltekið ást söguhetjunnar Emils á Sögu konu sinni, en þau eru aðskilin í upphafi sögunnar og það er aðeins vonin um endurfundi við hana sem heldur honum gangandi. Emil er atvinnulaus textasmiður sem hefur verið ráðinn til að taka viðtal við geimfarann Pi, þann eina sem hefur snúið aftur úr risastórum svörtum ferhyrningi sem skyndilega birtist á himninum. Emil sér þetta verkefni sem tækifæri til að skapa sér og Sögu mannsæmandi líf á sviðinni jörð sem er heimili 99% mannkyns en hið ríka eina prósent hefur hreiðrað um sig í allsnægtum á hringsóli ofan gufuhvolfsins og fær það litla sem eftir er af auðlindum jarðar til sín með lyftu sem er staðsett á hálendi Íslands. Dagar mannkyns virðast taldir og til að halda lífi í fólki er upplifunum stýrt af örvélbúnaði sem sprautað er í blóðrásina og sýndarveruleiki er greyptur á hornhimnurnar þannig að erfitt er að gera sér grein fyrir því hvað er raunverulegt og hvað ekki.



Hið mannlega ástand

Dáin heimsveldi er nafn á hanastéli sem geimfarinn Pi drekkur til að minna sig á hamfarir heimsins í harm-göfugri tilraun til að drepa sig úr áfengisneyslu en þeir Emil eiga það sameiginlegt að leita í áfengi þegar lífið verður þeim næstum um megn. Það er áhugavert að áfengi sé valvímuefni þessara félaga í upphafi 22. aldarinnar þar sem auðvelt væri að ímynda sér að mun kræfari og áhrifameiri fíknir hefðu komið fram.

> Dáin heimsveldi er vissulega vísindaskáldsaga en eins og þær bestu úr þeim geira vísar hún langt út fyrir sjálfa sig.

Að því leyti má segja að Dáin heimsveldi sé ekki einfaldlega bara dystópísk framtíðarsýn heldur líka dæmisaga. Og um hvað? Um sorg og missi og vonleysi og uppgjöf á hinu mannlega ástandi sem gerir nákvæmlega ekki neitt fyrir neinn. Meira að segja ástin, sem lengi framan af virðist vera eina haldreipið í þessari voluðu, óréttlátu og hrörnandi veröld sem bókin sýnir, reynist vera jafn deyjandi og annað í heimi sögunnar.

Tilgangsleysi allra hluta

Dáin heimsveldi er vissulega vísindaskáldsaga en eins og þær bestu úr þeim geira vísar hún langt út fyrir sjálfa sig. Bókin er full af vísunum, tvíræðni og myndmáli sem á köflum verður eins og martröð þegar ekki er ljóst hvort sögumaður er að upplifa hluti á líkamlega eða stafræna sviðinu. Yfir öllu svífur svo andi trega og tilgangsleysis allra hluta. Einstaklega vel skrifuð bók sem situr með lesandanum lengi að lestri loknum. ■

NIÐURSTAÐA: Afar áhrifamikil og ljúfsár dystópía sem situr lengi með lesandanum.

Finnur þú PLAY á flugi í Fréttablaðinu?

Fréttablaðið og PLAY ætla að bjóða heppnum lesanda Fréttablaðsins **100.000 króna** gjafabréf frá PLAY í hverri viku fram að 11. febrúar. Við drögum út næsta vinningshafa á mánudaginn 6. febrúar næstkomandi.

Skannaðu mig

Til að taka þátt í leiknum þarft þú að

1) Finna PLAY flugvélina á flugi í Fréttablaðinu.

2) Segja okkur á hvaða blaðsíðu þú fannst PLAY flugvélina og skrá það á **www.frettabladid.is/lifid/playleikur**

PLAY

FRÉTTABLAÐIÐ

*Því oftar sem þú skráir þig, því líklegra er að þú vinnir.
Fréttablaðið kemur út 5 daga vikunnar, frá þriðjudegi til laugardags.

Ólafur byrjaði að blogga til þess að svara Birni Bjarnasyni sem er með áratuga forskot á þeim vettvangi.

Ólafur velkominn í hóp bloggara

toti@frettabladid.is

Seint koma sumir en koma þó. Á Moggabloggið, það er að segja. Alþingismaðurinn fyrrverandi Ólafur Ísleifsson haslaði sér þar völl á miðvikudaginn gagngert til þess að bregðast við skrifum Björns Bjarnasonar, fyrrverandi ráðherra, um grein sem Ólafur hafði birt daginn áður í einmitt Morgunblaðinu.

„Björn Bjarnason svarar Morgunblaðsgrein minni í gær á bloggsíðu sinni í dag. Af þessu tilefni opnaði ég bloggsíðu hjá Mogganum þar sem ég birti andsvar sem ég læt fylgja hér að neðan," skrifaði Ólafur á Facebook þegar hann fylgdi nýrri bloggsíðu sinni, olafurisl.blog.is, úr hlaði á miðvikudaginn.

„Ég þurfti að bregðast við bloggi Björns og þetta form sýndist hentugt í því skyni," segir Ólafur og bætir aðspurður við að viðbrögðin við þessu útspili hans hafi verið með ágætum.

Fyrsta, og enn sem komið er eina bloggfærsla Ólafs ber yfirskriftina Viðbrögð við svari Björns Bjarnasonar vegna þriðja orkupakkans. Þótt athugasemd Björns á síðu sinni hafi farið fyrir brjóstið á Ólafi tekur hann þó fram, áður en hann svarar Birni fullumhálsi, að á Björn.is „ber margt gott fyrir augu."

Ólafur hefur sjálfsagt ekki sagt sitt síðasta á þessum nýja vettvangi enda með ýmis mál sem hann vilji gjarnan fjalla um. „Og trúi að þetta stutta og frjálslega form sem bloggið er nýtist vel fyrir sumt af því. Lengra mál er gott að fá birt í Mogganum."

Björn Bjarnason fagnar um þessar mundir 28 ára bloggafmæli.

Frumherji fagnar nýliðun

„Já, það er fagnaðarefni að þriðji orkupakkinn og umræður um hann urðu til þess að Ólafur Ísleifsson bættist í hóp okkara bloggaranna," svarar Björn þegar hann er spurður hvort ábyrgð hans megi ekki teljast mikil með því að hafa ýtt Ólafi út á bloggvöllinn.

„Að blogg á bjorn.is skuli hafa kveikt áhuga hans á þessari samskiptaleið er þeim mun ánægjulegra vegna þess að einmitt nú um mánaðamótin janúar/febrúar 2023 eru 28 ár frá því að bjorn.is fór í loftið," heldur Björn áfram en eins og árafjöldinn ber með sér var hann meðal þeirra fyrstu sem byrjuðu að blogga af alvöru hér á landi.

„Innkoma Ólafs er til marks um að áhrif síðunnar halda og eru enn mikil og vaxandi." ■

Heilsutorg í tíu ár án skyndilausna

Annálað úthald Fríðu Rúnar á hlaupabrautinni er engu minna á Heilsutorginu þar sem hún er búin að vera á fleygiferð í áratug og á nóg inni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hjónin Fríða Rún Þog Tómas Hilmar hafa rekið vefinn Heilsutorg.is réttum megin við núllið í tíu ár. Úthaldið þakka þau ekki síst því að þau hafa alltaf látið tískusveiflur eiga sig og lagt áherslu á öfgalausar og áreiðanlegar upplýsingar hvort sem um er að ræða fréttir, greinar eða auglýsingar sem þar birtast.

toti@frettabladid.is

„Við birtum eingöngu upplýsingar sem fylgja lýðheilsusjónarmiðum og styðjumst við háskólasamfélagið þannig að þarna eru engar skyndilausnir og eingöngu öfgalausar fréttir og upplýsingar," segir Tómas Hilmar Ragnarz sem er búinn að reka heilsuvefinn Heilsutorg.is í tíu ár ásamt íþróttanæringarfræðingnum, næringarráðgjafanum, hlauparanum og ritstjóranum Fríðu Rún Þórðardóttur.

„Fríða er búin að vera ritstjóri vefsins öll þessi ár, hefur byggt á bæði yfirgripsmikilli þekkingu sinni og reynslu sem næringarfræðingur og afreksíþróttakona í hlaupi og er að miðla efni sem virkilega gagnast fólki," heldur Tómas áfram.

„Þetta er fjölsóttasti vefur landsins í heilsu og lífsstíl sem í það minnsta 6.000 manns fara inn á daglega og fylgjendum á samfélagsmiðlum fer stöðugt fjölgandi en þeir eru nú um 25.000."

Bók breyttist í vef

Fríða Rún segir að hugmyndin að vefnum hafi í raun sprottið upp úr bók sem hún ætlaði sér að skrifa með vinkonu sinni fyrir löngu síðan. „Bókin átti að heita árið um kring og við ætluðum að árstíðaskipta henni með uppskriftum, tillögum að hreyfingu og flétta náttúruna svolítið saman við þetta og vera með alls konar skemmtilegt um næringu og fleira."

Fríða Rún segir að sér hafi fundist þetta ofboðslega falleg hugmynd en niðurstaðan hafi á endanum orðið sú að vefur hentaði víðfeðmum viðfangsefnum hennar betur.

„Bækur ganga náttúrlega úr sér en þarna geturðu uppfært, lagað og endurbirt þegar við á," segir Fríða Rún og bendir á þann augljósa kost að með tíð og tíma verði vefur sem þessi að heilmiklum gagnagrunni.

Þannig birti hún stundum greinar sem hún er fengin til þess að skrifa fyrir aðra miðla og nefnir í því sambandi SÍBS-blaðið og Tímarit Astma- og ofnæmisfélags Íslands. „Þá er maður líka að halda efninu sínu lifandi og getur haldið utan um alls konar hluti sem maður hefur sankað að sér." Bendir Fríða Rún á að þau fái sérfræðinga á ýmsum sviðum til að skrifa greinar fyrir Heilsutorg sem einnig safnast í þennan sarp.

Horft til landlæknis

„Síðan er auðvitað mikilvægt að vera með eins nýlegar upplýsingar og mögulegt er þannig að við þurfum að fylgjast vel með því hvað er í gangi og horfum þá til Embættis landlæknis og höfum það sem þau eru að ráðleggja hverju sinni svolítið að leiðarljósi.

Fólk er að prófa alls konar hluti og oft fer einhver vitleysa í gang og þá þarf að reyna að vinda svolítið ofan af því. Það skiptir líka miklu máli og þá er svo mikilvægt að styðjast við nýjustu upplýsingar," segir Fríða Rún og bendir á að vitaskuld sé margt að varast.

Engar skyndilausnir

„Við erum stærst á þessum markaði og viljum vera leiðandi og stílum bara inn á hágæða upplýsingar í alla staði en að sjálfsögðu erum við með léttmeti og góðar ráðleggingar í bland," segir Tómas og bætir við að þetta eigi jafnt við efni sem auglýsingar.

„Allt efnið er lýðheilsutengt þannig að við birtum ekki efni, auglýsingar eða kynnum vörur sem eru eitthvert húmbúkk. Vefurinn hefur verið rekinn réttum megin við núllið í öll þessi ár og er sjálfstæður miðill og engum háður.

Við höfum ekki tekið þátt í neinum tískubylgjum í fæðubótarefnum og þess háttar og leitumst alltaf við að miðla efni sem gagnast fólki og erum ekki í skyndilausnum. Bara heilbrigt efni úr öllum áttum." ■

Ævingar og hlaup á nýju ári

Hvað þarf að hafa í huga þegar fólk byrjar að stunda æfingar og hlaup á nýju ári? Mikilvægt er að setja sér ekki of háleit markmið. Betra er að halda út í langan tíma í stað þess að byrja með látum og gefast strax upp.

Þess vegna er best að byrja æfingar 2 sinnum í viku og eftir nokkrar vikur bætir maður einni æfingu við og svo framvegis.

Líkaminn þarf aðlögun að þjálfun þannig að með því að gefa honum tækifæri á að aðlagast nýrri hreyfingu og eða meira álagi í þjálfuninni er betra að byrja rólega.

> Fólk er að prófa alls konar hluti og oft fer einhver vitleysa í gang.

Fríða Rún

Ekki gleyma D-vítamíninu

Í skammdeginu er mikilvægt að muna eftir D-vítamíninu sem er mikilvægt fyrir vöxt og líkamlegan þroska barna, ekki eingöngu til að bæta beinheilsu heldur einnig vegna áhrifa þess á aðra starfsemi líkamans, til dæmis ónæmiskerfið. Við hvetjum fólk til að taka D-vítamín á hverjum degi.

Hvað er fasta?

Það kallast fasta þegar manneskja neytir ekki matar í lengri eða skemmri tíma. Þannig að í grunninn ganga allar föstur út á að takmarka inntöku hitaeininga. Það fer svo eftir lengd föstunnar hver áhrifin eru á mannslíkamann.

Talið er að líkaminn sé kominn í föstuástand 8 klukkustundum frá því að síðustu máltíðar var neytt.

Það segir sig sjálft að ef við fækkum hitaeiningum sem við setjum inn í líkama okkar hefur það áhrif á þyngdina en það er ýmislegt annað sem gerist í líkamanum þegar við föstum, bæði jákvætt og neikvætt.

> Við höfum ekki tekið þátt í neinum tískubylgjum í fæðubótarefnum og þess háttar.

Tómas Hilmar

MEMBRASIN®

Þurrkur og óþægindi er algengt vandamál

EINSTÖK TVEGGJA ÞREPA LAUSN SEM DREGUR ÚR EINKENNUM AUGNÞURRKS

MEMBRASIN SBA24® VISION BÆTIEFNI

Veitir raka og verndar augun á náttúrulegan hátt. Stuðlar að viðhaldi eðlilegrar sjónar og raka í slímhúð augna. Bætiefnið inniheldur SBA24® hafþyrnisolíu, Omega 3, - 6, - 7 og - 9 fitusýrur, A vítamín og E vítamín, ásamt Lútein og Zeaxantín til að vernda slímhúð augans, sjónhimnu og tárafilmu, styrkir augnbotnana og verndar gegn bláum geislum frá tölvu og skjáum farsíma.

Mælt með af augnlæknum:

- Verkun og öryggi hafa verið sannreynd í klínískum rannsóknum
- Árangurs má vænta eftir 2-5 vikur miðað við daglega notkun
- Aðeins hrein náttúruleg hráefni
- Mjúk grænmetishylki og er 100% vegan
- Ekkert óþægilegt eftirbragð (eins og getur verið af fiskiolíu).

MEMBRASIN® VISION VITALITY AUGNÚÐI

Augnúði sem dregur úr augnþurrki og gefur húðinni í kringum augun raka.

- Úðinn er með sannaða virkni (MD – lækningatæki) og inniheldur „medical grade“ innihaldsefni.
- Vision Vitality úðinn er einfaldur í notkun.
- Má nota með augnlinsum og eftir að augnfarði hefur verið settur á.
- Úðinn inniheldur hafþyrnisolíu og hýalúrónat
- Hafþyrnisolían styrkir fitulag tárafilmunnar og ver augun gegn þurrki.
- Hýalúrónat styður við vatnsbindigetu tárvökvans, smyr augun og kemur í veg fyrir frumuskemmdir.

Þróað og framleitt í Finnlandi til að vinna gegn augnþurrki og viðurkennt af augnlæknafélagi Finnlands.

FÆST Í ÖLLUM APÓTEKUM, FRÆINU FJARÐARKAUP, HAGKAUP OG HEILSUHÚSINU KRINGLUNNI

Nánari upplýsingar um vörurnar og sölustaði á *www.numereitt.is/membrasin*

Siggi Sigurjóns og Bjarni Haukur hafa brallað ýmislegt og nú bætist Góa við og leggur pabba og afa lið. MYND/JORRI

Vitleysan ekki einleikin á sviðinu hjá Sigga og Bjarna

Áralangt samstarf leikaranna Sigurðar Sigurjónssonar og Bjarna Hauks Þórssonar hefur meðal annars getið af sér einleikina vinsælu Pabbann og Afann. Þeir hafa hingað til skipst á að leika og leikstýra en þegar pabbinn fann afann og þeir ætla að vera saman á sviði var Góa fenginn til þess að hafa stjórn á þeim.

toti@frettabladid.is

> **Nú verður ekki aftur snúið og við búnir að koma okur í enn eina vitleysuna.**
>
> Bjarni Haukur

Bjarni Haukur Þórsson og Sigurður Sigurjónsson hafa með reglulegu árabili kitlað hláturtaugar þúsunda leikhúsgesta meðal annars með leikverkunum Pabbinn, sem var frumsýnt í Iðnó 2007, og Afanum í Borgarleikhúsinu 2011 en sá einleikur var jafnframt sýndur ríflega hundrað sinnum um landið þvert og endilangt.

Bjarni Haukur segir þá félagana njóta þess að vinna saman og að þeir hafi hingað til, bæði í fyrrnefndum einleikjum sem og Hellisbúanum, How to become Icelandic, Maður sem heiti Ove að ógleymdri bíómyndinni um Afann, skipst á að leika og leikstýra hvor öðrum.

Bjarni Haukur segir að eftir því sem liðið hafi á samstarfið hafi þeir stundum grínast með hvort þeir séu virkilega að fara að henda í enn einn einleikinn og velt því fyrir sér hvort þetta sé bara kannski komið gott.

Enn ein vitleysan

Þegar heimsfaraldurinn lagði sína dauðu hönd yfir leikhúslífið í landinu segir Bjarni Haukur þá, eins og fleiri, hafa fengið tíma til að hugsa, þannig að þeir fóru að velta fyrir sér hvað þá langaði að gera þegar allt yrði vonandi eðlilegt á ný.

„Þá svona datt okkur í hug hvort við ættum kannski að gera eitthvað sem við hefðum aldrei gert áður og vera saman á sviðinu. Við fórum svo bara einhvern veginn að vinna í þessu og nú verður ekki aftur snúið og við búnir að koma okur í enn eina vitleysuna.“

Pabbinn finnur afann

Þegar pabbinn hafði þarna, nokkuð óvænt ef til vill, fundið afann blasti við að það þyrfti að kippa þriðja manninum, leikstjóranum Guðjóni Davíð Karlssyni, inn á.

„Við veltum því nú fyrir okkur hver það ætti að vera en vorum alveg sammála um að við þyrftum að hafa einhvern sem þekkti svolítið okkar húmor og sagnastíl en væri samt harður húsbóndi og Góa er það vissulega,“ segir Bjarni Haukur og bætir við að samvinna þeirra þriggja sé búin að vera frábær.

Taumhald á afa og pabba

„Góa er líka bara nákvæmlega það sem við þurfum, sko. Einhver sem heldur okkur við efnið af því að við eigum það nú alveg til að láta gamminn geisa.“

Bjarni Haukur segir vinnulagið í nokkuð föstum skorðum. Hann byrji yfirleitt á því að skrifa uppkast sem þeir Siggi hendi sín á milli.

„Það er sami stíll á þessu núna nema að við erum með Góa líka sem er alveg frábært,“ segir Bjarni Haukur en afraksturinn verður frumsýndur í Hörpu 15. mars. ■

Pabbinn finnur afann

Verkið segir frá tveimur mönnum, pabba og afa, sem eru á leið í golf til Tenerife. Seinkun verður til þess að þeir þurfa að hanga klukkustundum saman í Leifsstöð þar sem ýmislegt kemur upp í samræðum þeirra.

Gríðarleg flughræðsla afans og erfiðleikar í hjónabandi pabbans, ásamt áskorunum í barnauppeldi, endalausum tækninýjungum og óumflýjanlegum eftirlaunaaldri eru aðeins nokkur af þeim krefjandi málum sem þeir félagar þurfa að kljást við á vellinum.

Pósturinn mjálmar máttlaust í 107

toti@frettabladid.is

Pósthúsinu í Bændahöllinni við Hagatorg var skellt í lás í hinsta sinn á föstudaginn og þar með er Íslandspóstur ekki lengur með útibú í hinum almennt hátt skrifuðu nágrannapóstnúmerum 101 og 107.

„Þetta eru afspyrnu vond tíðindi,“ segir bókmenntadrottningin og blaðamaðurinn Kolbrún Bergþórsdóttir sem er í hópi marga fastagesta á pósthúsinu sem harma nú hlutinn sinn. „Maður hefði haldið að menn vildu auka póstþjónustu í miðbæ og vesturbæ en markmiðið er greinilega að steindrepa hana,“ segir Kolbrún sem eðli málsins samkvæmt pantar nokkuð mikið að utan og þá ekki síst bækur. En ekki hvað?

Þótt nýbúið sé að loka pósthúsinu sér Kolbrún það nú þegar í hillingum.

„Við sem pöntum bækur og annan varning frá útlöndum munum svo sem ekki telja eftir okkur að rölta upp í Síðumúla til að sækja góssið eða setja jólakortin þar í póst. Við munum þó um leið hugsa hlýlega til gömlu daganna þegar okkar leið eins og við værum velkomin á pósthúsið í hverfinu okkar,“ segir Kolbrún og gefur lítið fyrir þær tæknilegu lausnir sem eiga að leysa pósthúsið hennar af hólmi.

„Ábendingar frá Póstinum um það hversu mikil dásemd það sé að geta sótt sendingar í póstbox virka síðan eins og máttlaust mjálm á þá sem vilja geta gengið inn í pósthús í hverfinu sínu eða næsta nágrenni.“

Pósthúsið sem var lokað á föstudaginn var opnað á jarðhæð Hótels Sögu 2018 en snarpur samdráttur í bréfasendingum á síðustu árum samhliða mikilli fjölgun pakkasendinga réð mestu um þá ákvörðun Póstsins að lúta í gras við Hagatorg í 107. ■

FRÉTTA VAKTIN

FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fréttavaktin býður landsmönnum upp á fjölbreytta fréttaumfjöllun í opinni dagskrá. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar.

Fréttavaktin er á dagskrá alla virka daga á Hringbraut, dv.is og frettabladid.is

HRINGBRAUT

RIF
RESTAURANT

Eitthvað fyrir alla!

Salat

Hamborgari

Steik

Fiskur

Coca-Cola Íslandi

/rifrestaurant

RIF.IS

FJÖRÐUR
VERSLUNARMIÐSTÖÐ

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN
ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD
auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN & DREIFING
Torg ehf.

JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

Sirius Súkkulaðipáskaegg
NÓI SÍRÍUS
Gleðilega páska

BAKÞANKAR

Pétur Georgs Markan

Stormur

Fyrsti þáttur af átta í heimildaþáttaröðinni Stormur, þar sem kórónafaraldrinum er fylgt eftir frá sjónarhorni aðgerðastjórnenda og viðbragðsaðila, var sýndur á RÚV á sunnudagskvöldið. Fyrsti þáttur lofar góðu og afar mikilvægt er að halda heimildum faglega og fallega til haga um þessa hamfaratíma.

Það er áhrifaríkt og átakanlegt að sjá sögurnar á bak við fréttirnar sem við öll heyrðum, þegar við sjáum fólkið sem raunverulega lenti í því sem við öll óttuðumst.

Fyrsta dauðsfall faraldursins hér á landi reynist vera ástarsaga sem verður að botnlausum harmi ungrar konu á vordögum lífsins. Í ólýsanlegum aðstæðum einangrunar, sorgar og ótta kemur til sögunnar Gylfi Þór Þorsteinsson, maðurinn sem stjórnaði farsóttarhótelinu, einu af meginverkefnum baráttunnar. Í frásögn myndarinnar kemur fram að samband þeirra var fallegt og einstakt – lýsandi fyrir ástand sem var ógnandi og harmþrungið. Um leið náði það að draga fram það besta í okkur mannfólkinu; samheldni, hugvit og kærleik. Um engla var á einum stað sagt að þeir væru eins raunverulegir og það besta sem býr í okkur.

Sögur myndarinnar eru ekki síst mikilvægar til að halda staðreyndum faraldursins til haga. Það er eiginlega orðið óþolandi að þurfa að hlusta á vitfirrtar samsæriskenningar um alheims-hóax og bólusetningalygi, sem virðist stundum vaxa ásmegin eftir því sem lengra líður, á kostnað raunverulegra aðstæðna sem hversdagshetjur, eins og Gylfi, stigu inn í.

Tregaslagur ungu konunnar, af þætti Gylfa, sögur af umkomulausum ástvinum, einangruðum í dauðastríði og ótrúlegu afreki starfsfólksins á Vestfjörðum, eru fáein dæmi um raunsögur tímans sem við megum aldrei gleyma. ■

Fasteignaleitin